

Skólanámskrá Klettaskóla er í stöðugri endurskoðun. Hinir ýmsu hlutar skólanámskrárinnar eru samdir af breytilegum faghópum á mismunandi tímum.

Skólanámskráin var síðast endurskoðuð árin 2025-2026 og er áfram í þróun og endurskoðun veturinn 2026-2027

Skólanámskrá Klettaskóla

Lykilhæfni, markmið og inntak náms í Klettaskóla



2026

Efnisyfirlit

INNGANGUR	4
LYKILHÆFNI	4
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	6
Hreyfiproski.....	6
Skynproski	11
Tómstundir	12
Persónuleg umhirða	14
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	16
Félags- siðgæðis- og tilfinningaproski.....	17
Tilfinningaproski	17
Vitsmunaproski / Rökhugsun	20
Að öðlast skilning á umhverfinu.....	21
Skilningur á lögmálum hluta.....	22
Samspil rökhugsunar og ímyndunarafls	25
Heimilisstörf	25
Heimilisstörf í skólastofu	26
Að komast leiðar sinnar (umferli).....	28
TJÁNING OG MIÐLUN	31
Málproski	31
Samskipti	32
Samskipti og félagsleg virkni	36
MARKMIÐ OG INNTAK NÁMS	39
ÍSLENSKA	40
Yngsta stig.....	41
Miðstig	46
Unglingastig	49
SAMFÉLAGS OG NÁTTÚRUFRÆÐIGREINAR	52
Yngsta stig.....	53
Miðstig	58
Unglingastig	63

ENSKA	70
Miðstig	71
Efsta stig	72
Hæfnitafla	74
ÍÞRÓTTIR	74
Yngsta stig	74
Miðstig	78
Unglingastig	81
LIST- OG VERKGREINAR	85
TEXTÍLMENNT	87
Yngsta stig	89
Miðstig	89
Unglingastig	89
HÖNNUN OG SMÍÐI	91
Yngsta stig	93
Miðstig	93
Unglingastig	94
MYNDMENNT	96
Yngsta stig	97
Miðstig	97
Unglingastig	98
HEIMILISFRÆÐI	98
Hæfniviðmið eftir stigum	99
Námsmat	99
Gátlisti – Heimilisfræði	100
STÆRÐFRÆÐI	100
Yngsta stig	100
Miðstig	103
Unglingastig	108
TÓNMENNT	112
Yngsta stig	113
Miðstig	115
Unglingastig	116
VALGREINAR 2026-2027	117

INNGANGUR

Skólanámskrá Klettaskóla / Korpuskóla er í stöðugri þróun og endurskoðun. Mikil samvinna er meðal starfsfólks þegar kemur að gerð skólanámskrár og einstaklingsnámskrár. Fagfólk nýtir skólanámskrána við val á markmiðum og viðfangsefnum sem hæfir hverjum nemanda. Einstaklingsnámskrá er á ábyrgð fagfólks í skólanum í samráði við forráðamenn.

Skólanámskráin var endurskoðuð veturinn 2025-2026 og er byggð á Aðalnámskrá grunnskóla og þróunarvinnu sem unnin hefur verið í Klettaskóla um árabil.

LYKILHÆFNI

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2025) er lykilhæfni skilgreind “sem sú hæfni sem einstaklingar þurfa að hafa til að geta tekist á við stöðugar breytingar og óvissa framtíð í lýðræðislegu samfélagi”. Gunnar E. Finnbogason (2016) bendir á að megintilgangur náms og kennslu í lykilhæfni sé að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þau undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Lykilhæfninni er ætlað að stuðla að alhliða þroska nemandans, tengjast inn á öll námssvið og snýr að nemandanum sjálfum. “Góð lykilhæfni gerir einstaklingum kleift að læra við ólíkar aðstæður, takast á við breytingar, vinna í samfélagi með öðru fólki og bregðast við á þann hátt sem hentar þeim sjálfum til uppbyggingar og farsæls lífs” (Aðalnámskrá grunnskóla 2025).

Lykilhæfnin sem þessi námsskrá byggir á er skipulögð í þremur þáttum:

- Heilbrigði og velferð
- Sjálfstæði og samvinna
- Tjáning og miðlun

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Ný velferðarlög leggja áherslu á heildstæða sýn á manninn, þar sem líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan eru óaðskiljanlegar. Þessi nálgun endurspeglar í starfi Klettaskóla þar sem þverfagleg samvinna og einstaklingsmiðaður stuðningur eru lykilatriði. Skólinn er hluti af velferðarkerfi samfélagsins og gegnir mikilvægu hlutverki við að efla sjálfstæði, virkni og lífsgæði nemenda. Við skipulag náms og stuðnings er tekið mið af því að börn og ungmenni hafi rétt til að taka þátt í eigin námi, hafa áhrif á eigið líf og fá stuðning sem styrkir bæði hæfni þeirra og sjálfsmynd.

Þannig verður skólinn vettvangur þar sem heilbrigði, menntun og félagsleg velferð mætast í sameiginlegu markmiði: að efla einstaklinginn í samfélagi sem byggir á virðingu, réttlæti og samábyrgð. Þessi heildarsýn tengist einnig alþjóðlegum markmiðum Sameinuðu þjóðanna um menntun, heilsu og vellíðan og endurspeglar áherslur íslenskrar menntastefnu á velferð í víðum skilningi.

Hreyfiproski

Hreyfiproski er ferli sem hvert barn fer í gegnum frá fæðingu fram á unglingsár. Það má segja að hreyfing sé fyrsta viðbragðið sem barn sýnir og táknar það byrjun á löngu ferli náms til mannlegs þroska. Sumir nemendur í Klettaskóla eru með mikla hreyfihömlun og þurfa því mikla örvun og tækifæri til að skipta um líkamsstöður. Mikilvægt er að fylgjast með þörfum nemenda fyrir hjálpartæki og sjá um að útvega þau sem nauðsynleg eru. Hreyfing eða hreyfinám getur haft mikil áhrif á aðra þroskaþætti eins og skynjun, vitrænan þroska, boðskipti og málþroska. Hreyfipjálfun fer fram í daglegu skólastarfi í eðlilegu samhengi við aðra námsþætti. Heildarskipulag skólans gerir ráð fyrir ákveðnum kennslustundum til hreyfipjálfunar, íþróttar og sunds. Í einstaklingsnámskrá hvers nemanda er hreyfipjálfun ætlað ákveðið vægi.

Markmið

Meginmarkmið með hreyfinámi eða hreyfipjálfun í Klettaskóla er að efla líkams- og hreyfiproska, jafnvægi, samhæfingu, hraða, stjórn hreyfinga svo og líkamsvitund

nemenda. Einnig er markmið með hreyfipjálfun að hún sé stuðningur við aðra þroskapætti og stuðli að því að gera nemendur færari og virkari við annað nám.

Grófhreyfingar

Að nemandinn:

- öðlist gott vald á líkama sínum svo hann geti hreyft sig óhindrað, þ.e. breytt/skipt um stöðu líkamans t.d. velta sér, setjast upp, standa upp, setjast niður, skríða, ganga, hoppa, hlaupa, o.s.frv.
- læri að halda líkama sínum í jafnvægi
- læri að samhæfa hreyfingar sínar
- læri að þjálfa styrk og þol
- læri að hvílast

Þjálfa jafnvægi líkamans

Að nemandinn geti:

- setið á stól eða hjólastól með stuðningi
- setið sjálfur
- staðið sjálfur
- setið og beygt sig fram og til hliðar og notað snúning í bol
- staðið, með þunga á fótum, með mikilli eða lítilli aðstoð
- staðið sjálfur upp úr sitjandi eða liggjandi stöðu og stutt sig
- staðið sjálfur eða með aðstoð manneskju eða hjálpartækis og hreyft sig, t.d. handleggi og snúið bol
- staðið uppi á einhverju einn eða með stuðningi
- staðið á öðrum fæti einn eða með stuðningi
- staðið á tām einn eða með stuðningi
- gengið eftir slá eða bekk
- klifrað einn eða með stuðningi og geti:
 - fært hendur og fætur á víxl og haldið sér
 - klifrað t.d. upp á stól
 - prílað úti í leiktækjum
 - prílað úti t.d. upp á steina

- hoppað:
 - jafnfætis
 - jafnfætis 4 til 5 sinnum án þess að stoppa
 - niður af lágum palli eða stól

Ganga

Að nemandinn geti:

- gengið einn eða með aðstoð
- gengið sjálfur inni
- gengið sjálfur úti
- gengið úti á ósléttu landi
- gengið upp og niður tröppur, einn eða með aðstoð
 - með báða fætur samtímis í hverju þrepi, einn eða með aðstoð
 - með því að hafa annan fótinn á hverju þrepi í senn

Stjórnun hreyfinga

Að nemandinn:

- læri að skipta um stöðu á líkamanum
 - með því að velta sér
 - með því að skríða, víxlhreyfingar handleggja og fóta
 - úr liggjandi stöðu í sitjandi stöðu
 - úr sitjandi stöðu upp á fjóra fætur
 - úr sitjandi stöðu á gólfi í standandi stöðu
- geti hjólað:
 - á sérstöku þríhjóli
 - á hlaupahjóli
 - á hjóli með hjálpardekkjum
 - á tvíhjóli

Hraði, kraftur, þol

Að nemandinn:

- stjórni krafti í hreyfingu miðað við viðfangsefni, t.d.
 - að taka upp léttan eða þungan hlut

- að halda fast eða laust um áhald eða verkfæri
- að halda fast eða laust um skriffæri
- geti lyft, togað og ýtt
- geti gengið rösklega stuttan spöl án hvíldar
- hafi úthald til lengri göngu
- geti hlaupið án þess að detta (hrasa) · geti hlaupið stuttan spöl án hvíldar

Fínhreyfingar

Að nemandinn:

- læri að skynja hluti með snertingu
- öðlist vald og samhæfingu á augna-, fingra- og handahreyfingum sínum svo hann verði sem mest sjálfbjarga við daglegar athafnir (klæða sig, matast, ferðast um o.s.frv.)
- geti haldið á og beitt hlutum og verkfærum.

Samhæfing hreyfinga

Að nemandinn:

- geti notað hendur til að styðja sig með
- þjálfí mismunandi grip handa, lófagrip, þverhandagrip, tangargrip, geti lyft handleggjum, tekið hlut og haldið á honum
- geti haldið á hlut með báðum höndum
- haldið á hlutnum með annarri hendi
- sleppt eða hent frá sér hlut
- fært hlut úr annarri hendi yfir í hina
- geti þjálfað hreyfifærni handar með því að
 - snúa og hreyfa hönd um úlnlið (lófar upp og lófar niður)
 - rétta og kreppa lófa
 - spila með fingrunum, á lofti, á borði eða gólfi
 - rétta og kreppa einn tiltekinn fingur (ýmsir fingraleikir)
 - allir fingurgómar mætist og þeim þrýst saman
 - þjálfí hreyfifærni handa til að geta beitt leikföngum, áhöldum og verkfærum

Aðferðir til að ná markmiðum geta t.d. verið að:

- byggja úr kubbum

- grípa bolta
- vinna með leir
- nota hnífapör og borðbúnað
- hneppa
- renna rennilás
- hnýta t.d hnút, slaufu
- nota skæri
- nota skriffæri
- perla
- púsla
- nota verkfæri í handmennt og myndmennt svo sem hamar, nál og pensil

Líkamsbeiting og vinnustellingar

Að nemandinn:

- læri að sitja rétt (iljar í gólfi, hné bogin 90° og beint bak)
- læri að hreyfingin kemur eingöngu frá úlnlið og fingrum þegar unnið er með skriffæri
- læri að láta handleggi hvíla á borðinu þegar hann er að:
 - teikna
 - lita
 - skrifa
- læri að nota rétt grip við ólík viðfangsefni, t.d. á skriffæri, um pensil, við að hneppa, um nál
- noti rétt grip um skriffæri (tangargrip, vísifingur og langatöng á móti þumli, og hreyfing einkum í fremsta hluta fingra og fingurgóma)

Líkamsvitund

Að nemandinn:

- geti sagt til um heiti helstu líkamshluta
- geti bent á ákveðinn líkamshluta þegar hann er nefndur
- geti hreyft ákveðinn líkamshluta þegar um er beðið án þess að nota sjónina sem hjálpartæki, til dæmis við að:
 - opna annan lófann

- hreyfa annan handlegginn
- hreyfa einn fingur o.fl.

Skynþroski

Skynþroski er grundvallarþáttur í námi og þroska. Hann felur í sér hæfni einstaklings til að taka á móti, vinna úr og bregðast við áreitum úr umhverfinu. Með skynjun mótast skilningur á heiminum og einstaklingurinn lærir að tengja saman sjón, heyrn, snertingu, lykt og bragð í heildstæða reynslu. Í Klettaskóla er unnið markvisst að því að efla skynþroska allra nemenda í fjölbreyttu, örvandi og styðjandi umhverfi. Áhersla er á að námsreynsla sé merkingarbær, skýr og aðgengileg. Nemendur fá tækifæri til að læra í gegnum leik, hreyfingu, sköpun og samveru.

Heilbrigði og velferð

Þjálfun í skynþroska styður við líkamlega og andlega vellíðan. Með því að kynnast eigin líkama, hreyfingu og skynjun styrkist sjálfsþekking og sjálfstraust. Skipulagt og öruggt námsumhverfi eflir tilfinningalegt jafnvægi og öryggi.

Læsi í viðum skilningi

Skynjun er undirstaða allrar merkingarsköpunar. Með þjálfun sjón-, heyrnar-, snerti- og hreyfiskyns þroskast hæfni til að skilja, túlka og miðla eigin reynslu á margvíslegan hátt, í máli, mynd, tónlist, hreyfingu og verki.

Jafnrétti og mannréttindi

Viðfangsefni sem efla skynþroska byggja á virðingu fyrir margbreytileika nemenda. Lögð er áhersla á að allir hafi jafnan aðgang að námi og stuðningi við eigin námsleiðir. Hver nemandi á að upplifa sig sem virkan þátttakanda í námi og samfélagi.

Lýðræði

Nemendur fá tækifæri til að taka ákvarðanir, velja verkefni og tjá sig á fjölbreyttan hátt. Þannig styrkist hæfni til samstarfs, samkenndar og ábyrgðar.

Sköpun

Skynjun og sköpun eru samofnir þættir. Í gegnum leik, listir og verklegt starf kanna nemendur skynjun sína, læra að tjá tilfinningar og hugmyndir og þróa eigin sýn á heiminn.

Kennsluhættir og námsumhverfi

Kennslan tekur mið af því að skynáreiti séu markviss og í hófi, þannig að umhverfið styðji við einbeitingu, ró og vellíðan. Kennarar vinna þverfaglega að því að samþætta skynþroska í allt nám, hvort sem það er í list- og verkgreinum, hreyfingu eða bóklegum fögum. Leikur, rannsókn og sköpun eru nýtt sem leiðir til að efla bæði líkamlega meðvitund og hugræna úrvinnslu. Áhersla er á að umhverfi skólans, bæði inni og úti, sé skipulagt þannig að það kalli fram forvitni, virkni og ánægju í námi.

Markmið

- þjálfra meðvitaða skynjun og líkamsvitund
- læra að greina, flokka og skilja áreiti úr umhverfi
- nýta skynjun til að auka sjálfstæði og þátttöku í daglegu lífi
- efla samhæfingu hreyfinga, sjónar og heyrnar
- upplifa öryggi, gleði og tilfinningalega vellíðan í námi
- kynnast fjölbreyttum tjáningarleiðum þar sem öll skynfæri eru virkjuð

Tómstundir

Í tómstundakennslu er markmiðið ekki einungis að nemandi verði þátttakandi í tómstundum, heldur einnig að nýta þroska og hæfileika viðkomandi til að velja sér viðfangsefni og að sýna frumkvæði til virkni. Mikilvægt er að nemendur Klettaskóla fái kennslu og þjálfun í að nýta frístundir sínar sér til ánægju á hollan og uppbyggilegan hátt, hvort heldur er við afþreyingariðju á heimilunum eða með þátttöku í einhverjum af þeirri skipulögðu tómstundaiðju og félagsstarfi sem stendur þeim til boða. Þar sem tómstundir tengjast öllum þroskaþáttum og flestum námsgreinum er samþætting nauðsynleg milli margra námskrárbátta.

Markmið

Að nemendur:

- læri að taka sér eitthvað ánægjulegt og áhugavekjandi fyrir hendur þegar skylduviðfangsefni hafa verið unnin
- sýni frumkvæði við val á mismunandi tómstundaverkefnum
- læri að nýta frístundir sínar eftir áhuga, aldri og getu í félagsskap annarra eða ein síns liðs, þ.e. bæði heima og að heiman
- geti á eigin vegum eða með aðstoð stundað tómstundir.

Einstaklingstómstundir

Að nemandinn geti haft ofan af fyrir sér með að:

- Teikna
- Púsla
- hlusta á tónlist/sögu
- lesa/skoða bók
- horfa á sjónvarp
- vinna hannyrðir/föndra
- geti nýtt sér snjalltæki
- leika sér í tölvu/spjaldtölvu
- leggja kapal
- fara í gönguferð/hjóla
- safna einhverju (frímerkjum, fótboltamyndum o.s.frv.)

Samverustundir með öðrum

Að nemandinn ráði við samskipti og leikreglur þannig að hann geti tekið þátt í t.d.:

- að spila
- að syngja
- einföldum leikjum (t.d. boltaleiki, eltingaleiki)
- tölvuleikjum
- að bjóða heim gestum t.d. í saumaklúbb
- að velja sér efni til áhorfs af efnisveitum

Tómstundir utan heimilis

Að nemandinn geti á eigin spýtur eða með aðstoð nýtt sér ýmsar tómstundir sem krefjast misjafnlega mikillar færni:

- í meðferð peninga
- í að koma sér á milli staða
- í að afla upplýsinga um tímasetningar, kostnað o.s.frv.

Öðlist sjálstæði í að nýta ýmsar tómstundir svo sem:

- Sund
- Íþróttæfingar
- Dansskóla
- Bíó
- Félagsmiðstöðvar/Frístund
- Líkamsræktarstöðvar
- Leikhús
- Þátttöku í göngu- eða trimmhópum
- Ferðafélög
- Að taka þátt í eða horfa á íþróttaleiki
- Tónleika
- Trúarstarf
- Bókasöfn
- Hannyrðahittinga
- Listasýningar
- Áhugahópa á internetinu t.d. á Facebook
- Kórastarf
- o.s.frv.

Persónuleg umhirða

Með persónulegri umhirðu er átt við umhirðu er varðar persónulegt hreinlæti, snyrtimennsku, klæðnað, salernisferðir og ábyrgð á persónulegum eigum. Að því skal stefnt að nemendur verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við daglegar athafnir sem snúa að umhirðu líkamans, líkamlegar þarfir, fatnað, útlit og eigur. Nokkur hópur barna og unglinga þarf að fá markvissa kennslu og þjálfun við að ná tökum á þeirri færni. Hreinlæti og snyrtimennska skipta máli í samskiptum við aðra og hefur einnig áhrif á vellíðan og sjálfsmynd einstaklingsins.

Markmið

Stefnt er að því að nemendur nýti þá færni og þekkingu sem þeir hafa öðlast til að sjá um daglegar athafnir sem snúa að persónulegri umhirðu.

Með þessu er átt við að nemandinn:

- geti klætt sig sjálfur
- gæti sjálfur eigin hreinlætis og líkamsumhirðu
- sé sjálfbjarga við matarborð
- gæti að og fari vel með eigur sínar og persónulega muni
- geti hirt um fatnað sinn, þ.e. þvegið föt og gengið frá þeim
- fari eftir ábendingum er varða hollustu og heilbrigða lífnaðarhætti

Sjálfs hjálpi

Að nemandinn:

- geti klætt sig í og úr
 - smellt og hneppt tölum
 - lokað frönskum rennilás
 - rennt rennilás
 - reimað skó
- geti metið þörf fyrir viðeigandi fatnað miðað við árstíð, aðstæður og veður
- gæti að og fari vel með eigur sínar og persónulega muni
 - læri að þekkja fötin sín, taki ábyrgð á þeim og geti gengið að þeim vísum
 - læri að þekkja skólagögn sín og taki ábyrgð á þeim og gangi frá eftir notkun
 - gæti þess að skemma ekki eða óhreinka fötin sín
- sé treystandi fyrir mikilvægum hlutum og verðmætum

Persónulegt hreinlæti

Að nemandinn:

- gæti sjálfur eigin hreinlætis og líkamsumhirðu:
 - o geti bjargað sér sjálfur á salerni
 - o kunni að þvo og þurrka hendur
 - o kunni að sinna viðeigandi tannhirðu
 - o læri að nota dömubindi og gæta hreinlætis varðandi blæðingar
 - o geti bjargað sér sjálfur í sturtu/baði og:
 - ♣ geti blandað vatn með réttu hitastigi
 - ♣ þvegið líkamann
 - ♣ þvegið hár og þurrkað
- kunni að hirða um húð
- geti greitt sér
- læri að meta þörfina á því hvenær þarf að:
 - o fara í bað
 - o skipta um nærföt
 - o fara í klippingu
 - o skipta út fatnaði
 - o raka sig o.s.frv.
- þekki og geti notað snyrtivörur t.d. andlitskrem og svitalyktareyði
- kunni að hirða neglur á höndum og tám
- læri að undirbúa sig fyrir sérstök tilefni með því að huga að útlitinu

Heilsuefning og vellíðan

Að nemandinn:

- fari eftir ábendingum er varða hollustu og heilbrigða lifnaðarhætti
- læri að hafa með sér hollt nesti
- taki þátt í hreyfingu og útiveru
- temji sér heilbrigðar lífsvenjur og jákvæð viðhorf til eigin líkama
- geti hreinsað og búið um smásár

SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA

Félags- siðgæðis- og tilfinningaþroski

Meginmarkmið kennslunnar eru að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda og leggja traustan grunn að námi og starfi. Áhersla skal lögð á að nemandinn þroski eiginleika sína, bæði vitsmuni og tilfinningar í samskiptum við aðra. Skólinn á að leitast við að veita öllum nemendum sínum öryggiskennd, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

Félags- og siðgæðiþroski

Við upphaf skólagöngu eiga börn oft erfitt með að taka tillit til og setja sig í spor annarra og vinna markvisst með öðrum. Þau eiga t.d. í vanda með að fylgja ákveðnum leikreglum í hópleikjum og víkja því iðulega frá reglunum þótt þau telji sig þekkja þær og líti svo á að þær skuli halda. Með aldrinum eykst félagsþroskinn sem birtist meðal annars í aukinni hæfni til samvinnu í leik og starfi. Félagsleg samskipti örva börn til að sjá og virða sjónarmið annarra. Það er því mikilvægt að í skólastarfi sé tekið mið af þessum staðreyndum. Þar sem félags- siðgæðis- og tilfinningaþroski fléttast inn í öll mannleg samskipti eru tengslin sterk við hina þroskapættina og alla aðra þætti námskrárinnar.

Markmið

Að nemandinn:

- öðlist sjálfstraust, jákvæða sjálfsmynd og líði vel
- auki skilning sinn á nauðsyn félagslegra reglna
- læri að taka tillit til annarra og starfa með öðrum
- öðlist ábyrgðartilfinningu
- verði sjálfstæður í vinnubrögðum

Tilfinningaþroski

Sjálfsvitund

Að nemandinn:

- geti brugðist við tilfinningum annarra á einn eða annan hátt t.d. brosi, gráti, horfi í átt til viðkomandi
- geti upplifað vanlíðan og vellíðan
- laðist að aðstæðum sem veita vellíðan
- læri um tilfinningar sínar og annarra
- skoði sig og aðra og hugleiði hvernig fólk líkist hvert öðru og hvað gerir það ólíkt, bæði í útliti og hegðun
- læri hugtök sem lýsa útliti og/eða hegðun fólks
- læri að fólk er mismunandi og með ólíkar tilfinningar, óskir og væntingar
- geti sett orð á tilfinningar sínar og annarra
- átti sig á því að fólk tjáir tilfinningar sínar á mismunandi hátt t.d. með bendingum, svipbrigðum og hreyfingum
- átti sig á eigin tilfinningum, óskum og væntingum og geti tjáð þær, t.d. í myndum og orðum
- tjái neikvæðar tilfinningar, s.s. ótta, kvíða, reiði o.s.frv. og sætti sig við þær hjá sér og öðrum og finni leiðir til að ráða við þær
- upplifi jákvæðar tilfinningar, s.s. gleði, ánægju og tilhlökkun og finni leiðir til að viðhalda þeim og miðla til annarra
- átti sig á óskum sínum og geti metið hvort hægt er að uppfylla þær
- geti sett sig í spor annarra og taki tillit til tilfinninga, óska og væntinga þeirra

Sjálfsmynd (að öðlast jákvæða sjálfsmynd)

Að nemandinn:

- finni að hann getur haft áhrif á umhverfi sitt t.d. nái í hlut sem hann langar í
 - ☐ hafi ánægju af að gera eitthvað
 - ☐ læri að fara eftir fyrirmælum kennara

- ☐ beri saman vinnu sína og vinnu annarra barna í bekknum og upplifi ánægju eða óánægju eftir atvikum
- ☐ leggi sig fram af því að hann vill það sjálfur
- ☐ taki við hrósi eða gagnrýni og skilji á hverju það byggist
- geri sér grein fyrir takmörkunum sínum
- taki ábendingum og gagnrýni
 - ☐ þiggi hjálp frá öðrum
 - ☐ viti að hann getur fengið hjálp þegar þann þarf á henni að hald
 - ☐ viti að hann fær ekki hjálp við verk sem hann getur sjálfur leyst af hendi
 - ☐ geri sér grein fyrir að hann mun aldrei geta allt og enginn getur gert allt
 - ☐ hlýði ekki öllu sem aðrir segja honum að gera og standi á sínu
 - ☐ beri ábyrgð á því sem hann gerir og ljúki verkum sínum
 - ☐ gefist ekki upp við fyrstu hindrun

Samvera og samstarf

Að nemandinn:

- geti leikið og starfað:
 - o með sjálfum sér
 - o við hliðina á öðrum
 - o með öðrum
 - o með eða án hvatningar eða hjálpar kennarans
- skynji sig sem einn af hópnum
 - o leggi sig fram fyrir hópinn sinn
 - o leysi deilur á farsælan hátt
 - o standist áreiti frá öðrum, t.d. stríðni, að vissu marki
- geti áttað sig á ýmsum hlutverkum og geti leikið hlutverkaleiki
 - o takist á við ýmis vandamál í stýrðum leik og finni lausnir
- læri í leik og starfi að skilja, samþykkja og fylgja reglum sem gilda hverju sinni
 - o bíði þangað til röðin er komin að honum
 - o skiptist á hlutum við aðra
 - o kunni að vinna og taka ósigri

- o samþykki að einn stjórnir
- o semji eða sveigi reglur
- o tileinki sér umgengnishætti og framkomu við hæfi hverju sinni t.d. horfi í átt til viðmælanda þegar talað er til hans, taki ekki fram í fyrir öðrum, þakki fyrir sig, heilsi og kveðji, biðjist afsökunar, biðji um hjálp en heimti hana ekki o.s.frv
- sýni öðrum vinsemd og umburðarlyndi
- sé heiðarlegur og virði eignarrétt annarra
- geri greinarmun á sannleika og ósannindum og geri sér grein fyrir að stundum má satt kyrrt liggja
- fari vel með eigur sínar og annarra
- þekki mun á eigum sínum og eigum annarra og finni viðeigandi leiðir til að nálgast það sem hann á ekki
- gefi loforð og haldi það

Vitsmunaproski / Rökhugsun

Vitsmunaproski vísar til hæfni einstaklings til að læra, skilja, hugsa rökrétt og beita þekkingu til að leysa verkefni í daglegu lífi. Skertur vitsmunaproski getur haft áhrif á getu einstaklings til að læra nýja hluti, skilja tengsl milli orsakar og afleiðingar og nota fyrri reynslu við lausn verkefna. Skertur vitsmunaproski nemenda Klettaskóla hefur bein áhrif á námsframvindu þeirra og námsárangur. Nemendur þurfa yfirleitt lengri tíma til að tileinka sér nýja þekkingu og færni og þurfa mikla endurtekningu og sýnilega, hlutlæga kennslu til að festa námsefni í minni.

Kennarar þurfa að miða kennsluhætti og væntingar við raunverulegan þroska nemenda, fremur en aldur þeirra. Einnig getur verið misræmi milli einstakra þroskaþátta hjá sama nemanda — t.d. að málþroski sé lengra kominn en rökhugsun eða öfugt. Kennslan þarf því að byggja á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem áhersla er lögð á sýnilegt, hagnýtt nám og raunveruleg viðfangsefni sem tengjast daglegu lífi og reynslu nemandans. Endurtekning, sjónræn aðstoð, myndrænt efni og stuðningur við tungumál og samskipti eru lykilatriði.

Markmið

Meginmarkmið kennslu á þessu sviði er að efla vitsmunaproska nemenda þannig að þeir:

- öðlist skilning og þekkingu sem hjálpar þeim að takast á við verkefni daglegs lífs og samfélags
- læri að nota rökhugsun við að finna lausnir á mismunandi aðstæðum
- geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir á eigin forsendum
- upplifi ánægju af því að læra og skilja
- og geti átt auðveldari og innihaldsríkari samskipti við aðra

Að öðlast skilning á umhverfinu

Vitund um að hlutir og persónur haldi áfram að vera til þótt þeir séu ekki sjáanlegir

Nemandi:

- fylgist með hlutum og persónum með augunum
- tekur eftir þegar hlutur eða persóna hverfur úr augsýn
- leitar að hlutum sem eru faldir og gefst ekki upp
- getur farið í feluleik
- talar eða hugsar um hluti og persónur sem eru ekki til staðar

Skilningur á orsök og afleiðingu

Nemandi:

- hermir eftir athöfnum annarra
- endurtekur athafnir sem hafa borið árangur
- notar hluti til að ná markmiði, t.d. prik til að draga til sín hlut
- prófar nýjar leiðir þegar fyrri aðferðir virka ekki
- greinir orsök og afleiðingu í einföldum aðstæðum

- getur ályktað um orsök út frá afleiðingu, og öfugt
- getur framkvæmt athöfn eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi

Meðhöndlun hluta

Nemandi:

- leikur sér og rannsakar hluti á mismunandi vegu
- notar hluti í samræmi við eðli og form þeirra
- sýnir skilning á táknrænum leik (t.d. að kubbur geti verið bíll)
- þekkir og notar algenga hluti rétt
- þekkir kunnuglega hluti og myndir af þeim
- getur nefnt hluti með nafni

Skilningur á lögmálum hluta

Undirstöðuhugtök stærðfræðinnar

Venslahugtök:

Nemandi lærir hugtök tengd:

- **stærð** (stór, lífill, stærri, minni, jafn stór)
- **lengd** (langur, stuttur, lengri, styttri)
- **hæð** (hár, lágur, hærri, lægri)
- **þykkt** (þykkur, þunnur, breiður, mjór)
- **þyngd** (þungur, léttur, jafn þungt)
- **fjöldi og magn** (margir, fáir, fleiri en, jafn margir, mikið, lítið)
- **hitastig** (heitt, kalt)
- **raki** (blaut, þurr)

Röðunarhugtök:

Nemandi notar hugtök eins og: fyrstur, síðastur, í miðjunni, næst fremstur, næst aftastur, fyrir aftan o.s.frv.

Formhugtök:

Nemandi: lærir og þekkir form eins og: hring, þríhyrning, ferhyrning, kubb, tening, kúlu o.s.frv.

Pörun, flokkun, röðun, samsvörun, varðveisla**Pörun:**

Nemandi:

- parar saman hluti eða myndir sem passa saman (eins, í sama lit, eða sem tengjast t.d. blóm og vasi).

Flokkun:

Nemandi:

- flokkar hluti eða myndir eftir einum eða fleiri eiginleikum (lit, stærð, lögun o.s.frv.),
- ber saman tvo hluti eftir ákveðnum eiginleika og getur lýst muninum.
- þekki yfirheiti og undirheiti hluta og fyrirbæra (t.d. lífvera - dýr - spendýr - hestur)

Röðun:

Nemandi:

- raðar hlutum eftir stærð, lengd eða öðrum eiginleikum,
- getur hermt eftir mynstri eða búið til eigið,
- þekkir röð og getur sagt hvað kemur fyrst eða síðast.

Samsvörun:

Nemandi:

- tengir saman hluti sem mynda pör,
- getur greint hvar fjöldi er meiri, minni eða jafn.

Varðveisla:

Nemandi:

- skilur að ákveðnir eiginleikar (t.d. fjöldi, magn eða massi) haldast óbreyttir þótt útlit eða uppröðun breytist.

Skilningur á tímans rás

Nemandi:

- þekkir að daglegar athafnir eiga sér stað á mismunandi tímum dagsins,
- notar hugtök eins og *í dag, í gær, í kvöld, í nótt, núna, síðan, á morgun,*
- veit að allar athafnir hafa upphaf og endi,
- getur sagt frá atburðum í réttri röð,
- notar stundatöflu (myndir, tákn eða orð) til að vita hvað gerist næst,
- skipuleggur einfaldar athafnir sjálfur („fyrst geri ég..., síðan..., loks...“),
- tengir vikudaga við ákveðnar athafnir,
- þekkir röð vikudaga,
- veit hvenær hann á afmæli og hvaða ár er.

Samspil rökhugsunar og ímyndunarafls

Nemandi:

- finnur fleiri en eina lausn á verkefni eða vandamáli
- áttar sig á ef eitthvað er ólíklegt eða „út í hött“
- dregur ályktanir út frá vísbendingum
- getur giskað eða gert áætlanir þegar upplýsingar eru ófullkomnar
- leysir einfaldar gátur og þrautir
- notar ímyndunarafl til að skapa hugmyndir og sjá fyrir sér atburði

Heimilisstörf

Nemendur Klettaskóla munu á fullorðinsárum sínum búa við mjög mismunandi heimilisform. Hvert sem heimilisformið er þá eru allir þátttakendur í heimilishaldinu á einn eða annan hátt. Kennsla í þessum námsþætti miðar að sem mestri hlutdeild nemandans í daglegum störfum á heimili. Það að geta fengið sér sjálfur að borða, gefið öðrum, haldið umhverfi sínu snyrtilegu, hirt um eigur sínar o.s.frv. vekur öryggiskennd og stuðlar að betri samskiptum og samvinnu við aðra. Kennsla í heimilisstörfum styrkir nemandann til eðlilegrar þátttöku í heimilislífinu og skapar

grundvöll fyrir ánægjuleg samskipti heima fyrir þar sem framlag nemandans er metið að verðleikum.

Kennsla í heimilisstörfum er mikilvægur námsþáttur í Klettaskóla og birtist sem rauður þráður í gegnum allt skólastarfið allt frá einföldu borðhaldi í nestistímum og frágangi í kennslustofu, til kennslu í sérbúnu skólaeldhúsi.

Markmið

Að nemandinn:

- verði sem mest sjálfbjarga og virkur þátttakandi í daglegu heimilislífi
- læri að meta þörfina fyrir að ákveðin störf séu unnin, sýni frumkvæði og sjálfstæði og geti gengið skipulega til verks
- venjist samvinnu og samhjálp og læri að meta störf annarra heimilismanna

Tengsl við aðra námskrárþætti

Mikil skörun er t.d. við:

- heimilisfræði (matreiðsla, framreiðsla, þvottur og ræsting)
- stærðfræði (mælingar o.fl.)
- móðurmál (m.a. hugtök/heiti, leiðbeiningar, vörulýsingar og lestur uppskrifta)
- persónulega umhirðu
- samskipti
- verslun og þjónustu
- alla þroskaþættina, einkum hreyfi þroska

Heimilisstörf í skólastofu

Umgengni og umhirða

Að nemandinn:

- geti gengið frá leikföngum og námsgögnum á sinn stað og gangi vel um skólastofu
- raði skóm og yfirhöfnum í fataklefa

Borðhald

Að nemandinn:

- læri að leggja á borð
- læri borðsiði svo sem að:
- bíða eftir að röðin komi að manni
- rétta öðrum
- borði nestið sitt snyrtilega:
- taka utan af nestinu
- setja rör í fernu
- henda rusli ef til fellur og flokka rétt
- þurrka af borði.
- beiti einföldum áhöldum rétt: hníf og gaffli
- ostaskera
- hella í glas
- ausa á disk o.fl.
- leggi á borð á eigin spýtur og finni réttan fjölda og gerð borðbúnaðar miðað við mat og gesti
- taki þátt í borðhaldi við ólíkar aðstæður og fái sér sjálfur á disk
- ganga vel um borðið
- Geta beðið um aðstoð

Umgengni og frágangur

Að nemandinn:

- Vaskar upp:
- læri að blanda mátulega heitt uppvottavatn
- noti hæfilegt magn af sápu
- skoli eldhúsahöld og borðbúnað, áður en það er sett í uppvottavél
- þurrki borðbúnað með viskastykki
- skoli og vindi borðtusku
- Sópa gólf

- Ryksuga
- Skúra/moppa
- Flokki rusl
- Gangi frá leirtaui á viðeigandi stað
- Búa um rúm
- Skipta um á rúmi
- Brjóta saman þvott og ganga frá á viðeigandi stað
- Þurrka af

Almennt öryggi

- Nemandi skilji mikilvægi þess að læsa hóbýlum sínum þegar hann fer út.
- Að nemandi sé með grunnþekkingu á brunavörum heimilis á borð við reykaskynjara, eldteppi og slökkvitæki.
- Gerir sér grein fyrir hættum heima fyrir eins og á heitum heimilistækjum, beitum eldhús áhöldum og spilliefnum á borð við þvottaefni.

Að komast leiðar sinnar (umferli)

Hverjum manni er mikilvægt að komast leiðar sinnar innan húss og utan að eigin frumkvæði, eftir því sem geta og færni leyfir. Nemendur þurfa að átta sig á HVAR þau eru, HVERT þau eru að fara og HVERNIG þau komast þangað. Kennsla á þessu sviði þarf að fara fram bæði í skóla og á vettvangi. Hún á jafnt við um notkun hjálpartækja og að læra umferðarreglur, að rata og nýta sér almenningsfarartæki. Umferliskennsla miðast við hvern einstakan nemanda og þarf að vera skipulögð í samráði við forráðamenn hans.

Markmið

Að nemandinn:

- verði sem best sjálfbjarga við að komast leiðar sinnar innan dyra og utan
- læri umferðarreglur og fari eftir þeim

- verði góður vegfarandi og þroski með sér ábyrgð, varkárni og tillitssemi í umferðinni
- nýti sér strætisvagna og önnur almenning afarartæki

Að nemendur kynnist húsnæði skólans

Að nemandinn:

- læri að þekkja bekkjarstofuna sína og komi sér þangað með sem minnstri aðstoð
- þekki „sinn“ stað í anddyri, hengi af sér yfirhafnir á ákv. snaga o.s.frv.
- kynnist ýmsum „rýmum“, s.s. sérgreinastofum, hjúkrunarfræðingi, bókasafni, matsal, o.s.frv. og læri heiti þeirra.
- geti farið um innan skólans með sem minnstri hjálp og sinnt smáerindum utan bekkjarstofu.
- læri að nota hjálpartæki miðað við fötlun og þarfir, s.s. göngugrind, hjólastól, blindrastaf og rafmagnshjólastól.
- þekki sértækar merkingar, flóttaleiðir, táknmyndir á hurðum, veggjum, o.s.frv.

Að nýta sér nánasta umhverfi skólans

Að nemandinn:

- þekki skólalóðina
- geti ferðast um skólalóð af sjálfstæði, öryggi og varist hættur
- þekki sinn skólabíl, leiðin þangað og svæði síns bekks
- skili sér í og úr bíl við skólann
- geti fylgt hópi, farið eftir reglum og fyrirmælum í stuttum gönguferðum
- þekki kennileiti umhverfis skólans og kort af umhverfis skólans

Að gæta öryggis þegar gengið er nálægt umferð

Að nemandinn:

- gangi alltaf á gangstétt þar sem þær eru
- gangi eins langt frá gangstéttarbrún og hægt er
- ef gangstétt vantar á að ganga á móti umferðinni, eins nálægt vinstri vegbrún og unnt er

- Þekki mikilvægi endurskinsmerkja

Gengið yfir götu:

- alltaf á að nota gangbrautir þar sem þær eru, gangbrautarljós eða handstýrð ljós
- fyrst á að stoppa og líta vel til beggja hliða
- hlusta eftir því hvort bíll er að nálgast
- ef enginn bíll er, þá ganga ákveðið en með gát yfir götuna
- aldrei á að ganga út á götu á milli kyrrstæðra bíla

Að þekkja gangbraut og kynnast nokkrum umferðarmerkjum sem varða gangandi og hjólandi umferð:

- umferðamerki
- gangbraut
- gangbrautarljós
- gangstígur
- hjólreiðastígur
- biðstöð strætisvagna og áætlanabíla

Að læra helstu umferðarreglur fyrir hjólrreiðarmenn:

- alltaf að nota hjálm þegar hjólað er
- æskilegast er að hjóla á hjólreiðarstígum, ef þeir eru ekki til staðar skal hjóla á gangstígum og sína þá gangandi fólki kurteisi og virðingu
- alltaf að reiða hjól yfir götu og þá á gangbraut ef hún er til staðar

Að geta ferðast um úti á eigin spýtur og sýnt öryggi á almannafæri:

- farið í stuttar sendiferðir
- gengið í skólann (ef við á)

Að nýta sér almenningsfarartæki:

- að geta tekið þátt í hópferðum s.s. í strætisvagni eða rútu
- farið eftir fyrirmælum
- gætt eigin öryggis, s.s. að halda sér, finna sér sæti, og passað dótið sitt
- farið alltaf í röð þegar gengið er inn í skólabíl eða strætó

- sýnt tillitssemi og góða hegðun í skólabílnum eða strætó
- notað bílbelti ef þau eru til staðar en sitja annars kyrr

Að geta ferðast í strætisvagni með aðstoð ákveðna leið sem búið er að æfa og geta:

- fundið stoppistöðina
- þekkt réttan strætisvagn
- hringt bjöllunni þegar fara á úr vagninum

TJÁNING OG MIÐLUN

Málproski

Málproski er órjúfanlegur hluti af almennum þroska barns. Með málproska er átt við færni í orðaforða, framburði, setningaskipan og beygingum. Börn sem búa við skertan vitsmuna-, tilfinninga-, félags- eða hreyfiproska eru gjarnan sein til máls eða sýna frávik í þróun málproska.

Barnið skilur fyrst hljóð, orð og setningar sem sagðar eru við ákveðnar aðstæður, síðan nær það að skilja eitt og eitt merkingarbært orð í setningu og lærast nafnorð fyrst. Smám saman fer barnið að skilja heilar setningar. Það verður æ minna háð því að fylgjast með athöfn sem tengist því sem sagt er. Samhliða þessu þróast talmálið.

Seinkaður málproski hjá börnum getur náð til eins eða fleiri þátta. Barn getur t.d. verið seinna með framburð en jafnaldrar og annað barn seinfært í öllum þáttum málproskans. Til að mæta þörfum barna með mismunandi mál og tjáskiptafærni eru notaðar fjölbreyttar tjáskiptaleiðir m.a. tákn með tali, tjáskiptaforrit og útprentuð tjáskiptaspjöld ásamt sjónrænum leiðbeiningum.

Markmið

Á öllum aldurstigum skal leitast við að nemandinn :

-efli málproska sinn

-verði sem færastur um að eiga tjáskipti við aðra

- öðlist færni við að tjá hugsanir sínar og langanir
- noti fjölbreyttar tjáskiptaleiðir
- öðlist sjálfstæði í tjáskiptum

Skólamál Klettaskóla er íslenska

Samskipti

Með samskiptum er hér átt við allt það atferli sem tengist samskiptum einstaklinga við aðra. Slík samskipti eru órjúfanlegur hluti af lífi hvers manns og hafa mikil áhrif á vellíðan og lífsgæði hverjar manneskju. Hvað teljast „eðlileg“ samskipti er háð mati á því hvað er viðurkennd hegðun hverju sinni. Siðir, venjur, menning, menntun, efnahagur og trúarbrögð hvers samfélags leggja grunninn að þeim viðmiðunum sem samskiptareglur einstaklinganna byggjast á. Aðstæður og samhengi í samskiptum hafa síðan sín áhrif og skapa blæbrigðismun á hvernig þau eru skilin eða túlkuð.

Ýmsir þættir í samskiptum geta verið krefjandi fyrir einstaklinga með þroskaskerðingu. Ýmsir þættir geta haft áhrif á nám þeirra og yfirfærslu á því sem þau hafa lært í vissum aðstæðum.

Að upplifa sig í góðum og jákvæðum samskiptum við annað fólk er ein af undirstöðuatriðum að vellíðan. Það skiptir máli í daglegu lífi að geta átt í samskiptum, geta gert sig skiljanlegan og með virðingu gagnvart öðrum í umhverfinu.

Samskipti eru í eðli sínu gagnkvæm. Í Klettaskóla þurfa allir nemendur að upplifa að þeir hafi rödd og að á þá sé hlustað.

Samskipti eru einnig grunnur að öllum grunnþáttum menntunar, sérstaklega:

- **Læsi**, í víðum skilningi, sem er félagslegt í eðli sínu og vísar ekki aðeins til ritmáls, heldur til ýmissa samskiptaleiða og gefur upplifun heimsins merkingu.
- **Lýðræði og mannréttindi**, þar sem með því að ljá nemendum okkar rödd og hlusta á þá, tryggjum við að mannréttindi þeirra séu virt.
- **Jafnrétti**, þar sem allar samskiptaleiðir eiga að vera jafngildar og virt.
- **Sköpun**, eins og með því að þróa samskiptahæfileika nemenda, gerum við þeim kleift að vera virkir þátttakendur í að skapa veruleika sinn.

Þjálfun í samskiptum þarf að vera markviss og samofinn þáttur í gegnum skólastarfið. Margir af nemendum Klettaskóla eiga við mál- og/eða tjáningarörðugleika að etja, jafnvel þannig að táknmálskerfi og hjálpargögn ýmis konar eru þeim nauðsynleg í öllum tjáskiptum. Það er öllum mikilvægt að geta átt í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum við aðra og því er mikilvægt að efla færni nemenda í að tjá sig á eins skiljanlegan og félagslega samþykktan hátt og hægt er. Sama gildir um þá nemendur sem ekki geta nýtt sér lestrarnám og lestur í almennum skilningi þess orðs.

Í Klettaskóla er notast við fjölbreyttar samskiptaleiðir, svo sem talað mál, Tobii tölvur, Tákn með tali og sjónrænt skipulag svo eitthvað sé nefnt og eru þær allar virtar að jöfnu. Þess vegna endurspeglar sagnirnar "að segja", "að tjá", "að ræða" o.s.fr. í námsmarkmiðum Klettaskóla hinar ýmsu samskiptaleiðir en ekki einungis talað mál. Samskipti skarast á við alla námskrárpætti og því hægt að vinna tvíanna samskipti inn í allt skólastarf og allar kennslustundir.

Markmið

- þroski sjálfsvitund og samskiptahæfni sína við aðra
- tileinki sér einfaldar umgengnisvenjur og kurteisi
- fái tækifæri til að þess að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir
- geti tekið þátt í samræðum og rökræðum út frá eigin forsendum
- æfist í að hlusta á aðra og taki tillit til þess sem þau hafa að segja.
- rætt um eigin áhugamál og viðræð eigin skoðanir á skýran hátt svo áhugi viðmælanda verði vakinn

Prepamarkmið – Samskipti

Tjáning við kunnuga og ókunnuga

Að nemandinn:

- heilsa og taki kveðju
- taki þátt í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum við aðra á eigin forsendum
- geti brugðist við spurningum
- beri fram spurningar og hlusti á svarið

- leitist eftir samskiptum við annað fólk
- beri sig eftir aðstoð eða afgreiðslu við kunnar og ókunnar aðstæður
- læri að biðja um hjálp
- þekki eigin takmörk og biðji um hjálp þegar þörf er á

Persónulegar upplýsingar

Að nemandinn:

- bregðist við nafninu sínu og læri að þekkja það á prenti
- geti gefið upp fullt nafn, heimilisfang og símanúmer á eigin forsendum og með sinni samskiptaleið
- kunni fæðingardag og ár og þekkja kennitölu
- geti gefið deili á nánustu fjölskyldu sinni
- geti staðfest fullt nafn á eigin forsendum, ýmist með skrift, stimpli eða öðrum leiðum, við hin ýmsu tilefni s.s. við móttöku á vörum eða við skráningu af ýmsu tagi

Sími

Að nemandinn:

- kunni að svara í síma, heilsa og ná í þann sem síminn er til
- geti tekið við skilaboðum
- kunni að hringja með aðstoð
- geti hringt í kunningja eða skyldmenni á eigin spýtur (á kunnuga staði)
- geti hringt á ókunnugan stað, t.d. í verslun og aflað upplýsinga eða beðið um tiltekna þjónustu

Umgengnisvenjur og kurteisi

Að nemandinn:

- læri æskilega hegðun í skólastofunni:
- að sitja kyrr
- ganga rólega um
- trufla ekki aðra

- grípa ekki fram í
- læri að taka þátt í samræðum í stórum hópi:
- hlusta á aðra
- biðja um orðið
- bíða eftir að fá orðið
- reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu þegar upp koma vandamál
- kunni að fara í röð (þar sem við á) og bíði eftir að röðin komi að sér
- gangi rólega og hljóðlega um ganga skólans, án þess að ryðjast
- sýni tillitssemi, t.d.:
 - við matarborð
 - í þrengslum, s.s. við dyr
 - ef maður mætir einhverjum
- ávarpi kunnuga jafnt sem ókunnuga kurteislega og:
 - taki undir kveðju fólks
 - biðji kurteislega um aðstoð við það sem mann vantar
 - veiti öðrum aðstoð
 - bjóði fram aðstoð

Þekki reglur og sýni viðurkennda hegðun

Að nemandinn:

- þekki og virði þær reglur sem settar eru í skólanum:
- komi inn þegar hringt er
- fari beint í stofuna sína eða á réttan stað
- fylgi stundaskránni
- þekki og virði reglur sem gilda á ferð með hópi í nágrenni skólans
- þekki skrifaðar og óskrifaðar reglur um hegðun meðal almennings, s.s.:
 - í strætó
 - í búðum
 - í leikhúsi
 - í kvikmyndahúsi
- þekki opinberar reglur sem varða einstaklinginn, t.d.:
- umferðarreglur

- reglur um útivistartíma o.fl.

Vináttutengsl

Að nemandinn:

- þekki nöfn bekkjarsystkina og skynji sig sem hluta af hópi
- sýni öðrum áhuga
- læri að:
- átta sig á hvernig maður eignast vini
- hjálpa félögum sínum
- gera sér grein fyrir þörfum þeirra
- fyrirgefa
- sýna vinarhót
- umbera ókosti vinar
- gera einhverjum greiða
- gefa vini eitthvað
- sýna samhygð, hugga eða hughreysta
- að taka frumkvæði í samskiptum og leita eftir félagsskap
- átti sig á muninum á vingjarnlegu viðmóti, lauslegum kynnum og vináttu
- hafi frumkvæði að heimboðum eða öðrum samskiptum og kunni að viðhalda þeim
- geti tekið þátt í heimsóknnum, afmælisveislum, saumaklúbbum
- kunni að taka þátt í félagsskap, s.s. í íþróttafélagi, dansskóla
- kunni að skipuleggja samveru utan skólatíma, t.d. með því að spyrja eftir einhverjum
- ráði við fast vinarsamband með reglulegum samskiptum, símhringingum og heimsóknnum

Samskipti og félagsleg virkni

Almennt markmið

Að þróa samskipta- og félagsfærni nemenda, gera þeim kleift að eiga skilvirk samskipti við umhverfi sitt, tjá þarfir sínar og tilfinningar og taka þátt í samskiptum við jafnaldra og fullorðna.

Að skilja samskipti

Nemandinn:

- Bregst við einföldum munnlegum skipunum eða þeim sem eru studdar með látbragði, myndum eða táknum.
- Skilur og fylgir kunnuglegum daglegum skipunum (t.d. „setstu“, „komdu“, „bíddu“).
- Þekkir og bregst við nafni sínu.
- Skilur einföld tilfinningaleg skilaboð frá fullorðnum (t.d. „Ég er reiður“, „Ég er glaður“).

Árangursviðmið:

- Bregst við skipunum í að minnsta kosti 3 af 5 aðstæðum.
- Skilur grunnhugtök daglegs lífs.
- Gerir ráðstafanir sem hæfa skilaboðunum.

Að koma skilaboðum á framfæri

Nemandinn:

- Miðlar þörfum sínum á aðgengilegan hátt (tal, Tobi, myndtákn, leiðbeiningar um þjálfun og aðstoð).
- Notar einföld orð eða tákn til að gefa til kynna valkosti („já/nei“, „ég vil/ég vil ekki“).
- Gefur til kynna grunntilfinningar.
- Reynir að svara einföldum spurningum („hver?“, „hvað?“, „hvar?“).

Árangursviðmið

- Getur miðlað þörfum sínum í 3 af 5 aðstæðum.

- Notar tákn eða orð af ásettu ráði.
- Svarar spurningum á viðeigandi hátt.

Að þróa aðrar samskiptaleiðir

Nemandinn:

- Notar einstaklingsbundin samskiptahjálp (myndtákn, Tobi, spjöld).
- Gefur til kynna viðeigandi tákn til að koma skilaboðum á framfæri.
- Notar sjálfsögð samskiptaleið í daglegum skólaaðstæðum (t.d. að bera fram beiðnir, velja verkefni).

Árangursviðmið

- Notar sjálfsprottið sjálfsögð samskiptaleið í kunnuglegum aðstæðum.
- Skilur merkingu tákna sem notuð eru.
- Stækkar táknasafn með nýjum hugtökum.

Samskipta/félagsleg virkni

Nemandinn:

- Kemur í samband við kennarann eða jafnaldra sína með einföldum hætti (augnsamband, látbragð, orð, Tobi.....).
- Tekur þátt í stuttum leikjum með öðrum einstaklingi.
- Getur unnið saman að einföldu verkefni (t.d. að raða saman púsluspili, þrífa).
- Lærir hópreglur (að bíða eftir beygju, deila efni).
- Þekkir grunntilfinningar í sjálfum sér og öðrum (hamingju, sorg, reiði).

Árangursviðmið

- Tekur þátt í leik með öðrum einstaklingi í að minnsta kosti 3–5 mínútur.
- Bregst við tilfinningum annarra á viðeigandi hátt.
- Fylgir einföldum hópreglum.

MARKMIÐ OG INNTAK NÁMS

Í Klettaskóla eru notaðir fjölbreyttir kennsluhættir sem miðaðir eru að þörfum hvers og eins nemanda. Um er að ræða bæði hópkenndu og einstaklingsnálgun. Kennarar skipuleggja námið með þarfir nemenda í huga og leita leiða til að nemendur hafi möguleika á vali á viðfangsefni, úrvinnslu og leiðum til að ná árangri.

Gæði kennslustunda er í fyrirrúmi og er hluti af innra mati skólans.

Viðmið um

 **Klettaskóli**
menntun fyrir öllum

gæðakennslustund

í Klettaskóla

Upphaf

- Stundvísir og jákvæðni
- Vel undirbúin kennsla
- Fyrri námsefni rifjað upp
- Námsgögn tilbúin
- Skýr og áhugaverð innlög

Miðjumat

- Stöðutékk á verkefnavinnu
- Hvernig gengur?
- Hrós og hvatning
- Uppbrot - Hellahté

Skipulag

- Einstaklingsmiðuð og fjölbreytt verkefni
- Virkur stuðningur
- Full athygli á nemendum
- Hvetjandi námsumhverfi
- Hrós og hvatning

Lok

- Samantekt
- Hvað lærðum við í dag?
- Hvað var erfitt?
- Hvað var skemmtilegt?
- Hvernig höldum við áfram?

Virðing – Samvinna – Árangur

ÍSLENSKA

Yngsta stig

Tjáskipti

- viðhaldi og auki boðskiptafærni
- sýni eftirvæntingu
- noti hljóðamyndun/tjáskiptaforrit/tákn til tjáningar
- auki eftirhermu hljóða/tákna
- svari spjalli og tjái vilja sinn með hljóðamyndun/tjáskiptaforriti/táknum
- svari nafninu sínu á sinn hátt
- skilji og noti stök orð/tákn/táknmyndir
- noti augun til að tjá sig með þar til gerðum augnstýribúnaði
- taki frumkvæði að boðskiptum við aðra
- taki þátt í samspili við starfsfólk og aðra nemendur
- deili sameiginlegri reynslu, rifji upp liðin atvik
- biðji um aðstoð
- geti greint hvaðan hljóð berst
- pari saman hljóð og viðeigandi mynd
- noti hljóðamyndun/tjáskiptaforrit/tákn á hluti, athafnir og aðstæður
- geti sagt til um staðsetningu hluta, t.d. í skólastofunni
- kynnist ýmsum óhlutbundnum hugtökum
- hlusti eftir ákveðnu orði í setningu
- kynnist hljóðgreiningu (rími, atkvæði orða, samsettum orðum, eintölu/fleirtölu)
- pari saman orðmyndir

- pari saman orð og mynd
- skilji og noti spurnarorð
- skilji og noti orð sem varða orsök og afleiðingu s.s. af hverju?/af því/hvenær?/þegar
- endurtaki orð eða tölur í rétttri röð
- geti lýst hlutum og persónum
- fái þjálfun við hæfi í framburði íslenskra málhljóða
- fái tækifæri til tjáskipta í skólastarfi
- fái tækifæri til að taka þátt í stuttum leikþáttum og söngatriðum

Hlustun og áhorf

Lögð er áhersla á að nemandinn:

- stjórni leikföngum, hljómtækjum, tölvu með rofa og /eða augnstýribúnaði
- velji á milli viðfangsefna
- þekki eða tengi merki/tákn við algengar daglegar athafnir
- tengi saman ákveðnar hreyfingar, tákn eða hljóð við ákveðin orð eða lög
- fylgi einföldum fyrirmælum
- geri til skiptis
- hlusti á sögulestur
- skilji merkingu algengra orða og setninga
- geti endurtekið og farið eftir fyrirmælum
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. af hljóð- eða myndbandi
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna

- fari í leiki sem gera kröfu um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- skoði myndir og segi frá efni þeirra
- horfi á leikþætti og söngatriði, ýmist á sviði eða af myndbandi
- klappi hrynjandi orða
- hlusti á umhverfis- og innihljóð og greini þau með myndum/tali

Hljóðkerfisvitund - stafainnlögn/tenging

Lögð er áhersla á að nemandinn:

- kynnist orðum og setningum
- kynnist rími og hrynjandi
- þekki bókstafi og hljóð þeirra
- þekki stóra og litla stafi og pari þá saman
- greini hljóð fremst í orði
- greini hljóð aftast í orði
- tengi saman tvö hljóð eða fleiri
- lesi þriggja stafa orð
- geti greint og tengt saman hljóð (lesið eða búið til orð)
- vinni með eigin frásagnir og sögur til að örva til lestrar
- vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- hafi greiðan aðgang að og nýti sér fjölbreytt val bóka, bæði í kennslustofu og á skólasafni
- fái tækifæri til að lesa bækur við hæfi, að eigin vali og vali kennarans

Lestrarinnlögn

Lögð er áhersla á að nemandinn:

- þekki/lesi orðmyndir úr umhverfi sínu
- lesi umhverfismerkingar/leiðarmerkingar s.s. skilti, inn, út, örvar o.þ.h.
- lesi myndrænar stundaskrár
- aðgreini einstök orð
- skoði texta og finni umbeðin orð eða stafi sem koma þar fyrir
- geti raðað orðum í rétta röð í setningar
- þekki einstaka stafi (hljóð) í orði

Lestur og bókmenntir

Yngsta stig

Lestur

Lögð er áhersla á að nemandinn:

- lesi einfaldar teikningar/myndir (geti sagt til um hvað er á myndunum)
- lesi athafnir úr teikningum/myndum (geti sagt til um hvað er að gerast)
- lesi atburðarrás úr teikningum/myndasögum
- lesi einfaldar teikningar/táknmyndir s.s. PCS-myndir, TMT, Widget, táknmál o.fl. (myndrænar stundatölur, veðurtákn og annað slíkt)
- þekki stafinn sinn og annarra í sínu nærumhverfi
- þekki nafnið sitt og annarra í sínu nærumhverfi

Bókmenntir

Lögð er áhersla á að nemandinn:

- njóti þess að hlusta á sögur
- hlusti á sögur og skoði myndir

- velji sér bók að skoða/lesa
- fletti (ein bls. í einu)
- fylgi lesátt frá vinstri til hægri og ofan frá og niður
- skoði síður með myndskreytingu og einföldum texta
- kynnist margvíslegum sögum
- læri nokkrar einfaldar vísur og ljóð til söngs
- fari á skólasafn og skoði/lesi þar bækur
- þjálfist í að fá bók að láni á skólasafni
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga

Ritun

Yngsta stig

Lögð er áhersla á að nemandinn:

- haldi rétt á skriffæri
- spori ólík form
- þekki skriftaráttina
- dragi rétt til stafs
- spori bókstafi og orð
- skrifi stafi þannig að þeir myndi orð og hafi bil á milli orða
- vinni með eigin orð og setningar
- skrifi einstök orð og setningar eftir forskrift
- skrifi nafnið sitt
- þjálfist í að finna bókstafi á lyklaborðinu í tölvu sem og spjaldtölvu

Málfræði

Yngsta stig

Lögð er áhersla á að nemandinn:

- læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning
- auki við orðaforða sinn
- geti notað „ég“ um sjálfan sig
- noti persónufornöfnin rétt
- æfist í að nota spurnarfornöfn
- átti sig á mislöngum orðum
- geti brotið einstök orð í atkvæði
- átti sig á samsettum orðum
- geti fundið fyrsta hljóð í orði
- geti fundið síðasta hljóð í orði
- þjálfist í að bera fram öll íslensk málhljóð
- kynnist eintölu og fleirtölu
- taki þátt í samræðum þar sem rætt er um tímatal í fortíð, nútíð og framtíð, t.d. í gær, í dag, á morgun
- læri að þeirra eigin nöfn eru skrifuð með stórum staf
- læri að skilja og beita spurnarfornöfnum rétt
- skilji afstöðuhugtök

Miðstig

Þegar talað er um tjáningu í markmiðum hér að neðan þá miðast hún við hvern nemanda fyrir sig, hvort sem nemandi tjáir sig með tali, látbragði eða hjálpartækjum.

Framsögn

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- efli orðaforða sinn og styrki orðaskilning
- þjálfist í að bera fram öll íslensk málhljóð
- átti sig á ákveðinni röð hljóða í orðum
- þjálfist í að svara spurningum og læri að tjá sig um eigin hagi og reynslu
- vinni verkefni sem gera kröfur um tjáningu
- fái tækifæri til að kynna vinnu sína fyrir öðrum
- þjálfist í að endursegja og/eða lesa sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga

Hlustun og áhorf

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- skilji merkingu algengra orða
- skilji merkingu setninga
- geti fylgst með atburðarás í texta
- geti svarað spurningum um efni/innihald texta
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna
- skoði myndir og segi frá efni þeirra
- hlustað og horft á valið efni, greint frá upplifun sinni og endursagt.

Lestur

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- örvist til lestrar með fjölbreyttum verkefnum
- vinni með rím og hrynjandi
- kunni öll hljóð og heiti bókstafa og vinni með orð og setningar
- auki orðaforða sinn og málskilning með fjölbreytilegum verkefnum við hæfi
- vinni með eigin frásagnir og sögur til að hvetja til lestrar
- þekki algengar orðmyndir, s.s. og, ég, ekki, mamma o.fl.

- vinni með samhljóðasambönd (í byrjun, innstöðu og enda orða)
- vinni með lesskilning
- vinni með orðmyndalestur. Að nemandi pari saman orð og mynd og læri þannig orðin
- vinni með atburðarás (sequence) gegnum myndir og einfalda frásögn

Bókmenntir

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- hafi góðan aðgang að bókum sér til yndislestrar
- læri vísur og ljóð (sjá einnig: Tónmennt, málþroski og hlustun)
- kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum
- vinni með texta úr sögum
- þjálfist í að fá bók að láni á skólabókasafni
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar
- fái tækifæri til að lesa frásagnir með myndefni
- kynnist hugtökum eins og persóna og söguhetja
- kynnist uppbyggingu í sögum (upphaf, miðja, endir)

Ritun

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- læri aðferð til ritunar sem hentar hans getu
- skrifi bókstafi og dragi til stafs
- þekki tákn og hugtök sem tengjast ritmáli, s.s. punkt, kommu, staf, orð, setningu, línu, blaðsíðu
- spori og skrifi eftir fyrirmynd
- skrifi orð og léttar setningar án fyrirmyndar
- fylgi línu og hafi bil á milli orða
- þjálfist í að stafsetja rétt einstök orð og setningar
- geti skrifað orð og setningar á lyklaborð

Málfræði

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- þekki samheiti og andheiti
- kynnist hugtökunum sérnöfn og samnöfn
- kynnist hugtökunum sérhljóði og samhljóði
- læri að þekkja eintölu og fleirtölu
- kynnist nútíð og þátíð sagna
- kunni stafrófið og stafrófsvísur
- geti raðað í stafrófsröð eftir 1. staf í orði
- átti sig á að það kemur stór stafur á eftir punkti
- kynnist n- og nn-reglunni
- geti notað afstöðuhugtök rétt
- þekki töluorð

Unglingastig

Talað mál

Að því skal stefnt að nemandinn:

- beiti skýrum framburði við upplestur
- hafi eðlilegar áherslur í upplestri
- hafi eðlilega líkamsstöðu og öruggt fas frammi fyrir áheyrendum og þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- segi frá eigin reynslu, t. d. eftirminnilegum atburðum
- vinni verkefni sem gera kröfur um munnlega tjáningu t.d. hópverkefni
- kynni vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum og jafnvel stærri hópi
- endursegi og/eða lesi sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga
- læri söngtexta, vísur o.s.frv.
- taki þátt í leikrænni tjáningu og leikspuna
- þjálfist í að svara í síma á viðeigandi hátt

Hlustun og áhorf

Að því skal stefnt að nemandinn:

- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. af hljóðdiskum, myndböndum eða af tölvum
- hlusti á umræður og haldi athygli í ákveðinn tíma
- geti svarað spurningum um efni/innihald texta
- endursegi efni sem hann hefur hlustað eða horft á
- fari í leiki sem gera kröfu um að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- skoði myndir og segi frá efni þeirra
- horfi á leikþætti og söngatriði, ýmist á sviði, myndbandi eða í tölvu
- geti lýst munnlega eða skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi

Lestur

Að því skal stefnt að nemandinn:

- efli lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- lesi verklýsingar, uppskriftir, leiðbeiningar og fyrirmæli
- lesi sér til ánægju og afþreyingar ýmsar gerðir lesefnis
- geti lesið sér til gagns ritaðar upplýsingar, s.s. skilti og vörumerkingar
- velji sér bækur af bókasafni eftir áhugasviði
- þjálfist í upplestri
- fái tækifæri til að gera munnlega/skriflega grein fyrir efni sem hann hefur tileinkað sér
- hafi greiðan aðgang að fræðibókum og handbókum
- þjálfist í að lesa úr myndrænum upplýsingum

Bókmenntir

Að því skal stefnt að nemandinn:

- kynnist ólíkum gerðum bókmennta, s.s. ævintýrum, þjóðsögum, skáldsögum og frásögnum af raunverulegum atburðum
- geti ályktað um efni út frá heiti bókar, kaflaheitum og myndum og getið sér til um framvindu frásagnar
- læri vísur og ljóð utanbókar
- vinni með algeng orðtök og málshætti
- fái tækifæri til að lesa bækur sér til fróðleiks og skemmtunar
- þekki og noti hugtök eins og söguþráður, sögulok, söguhetja

Ritun

Að því skal stefnt að nemandinn:

- þjálfist í að skrifa
- geti skrifað ýmsar persónulegar upplýsingar (nafn, heimilisfang, símanúmer, kennitölu)
- geti skrifað frá eigin brjósti stuttar setningar/skilaboð
- semji frásagnir um atburði úr eigin lífi
- læri að fara eftir nokkrum ritunar- og stafsetningarreglum, t.d. að hafa bil á milli orða og stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum
- þjálfist í að skrifa texta eftir upplestri
- skrifi frásagnir með söguþræði, upphafi, meginmáli og endi
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta (bækur, tölva) þjálfist í ritvinnslu, m.a. stórum og litlum stöfum, breyta stærð, mismunandi leturgerð o.s.frv.

Málfræði

Að því skal stefnt að nemandinn:

- geti raðað í stafrófsröð
- þekki hugtökin sérnöfn og samnöfn og séu örugg á að sérnöfnin eru skrifuð með stórum staf
- þekki kyn orða

- þekki nafnorð, sagnorð, lýsingarorð
- temji sér beygingu nafnorða og persónufornafna í réttu falli, kyni og tölu í töluðu máli
- átti sig á samheiti/andheiti
- læri stigbreytingu lýsingarorða
- geri sér grein fyrir að sama orð getur haft mismunandi merkingu
- þjálfist í notkun helstu afstöðuhugtaka

SAMFÉLAGS OG NÁTTÚRUFRAEÐIGREINAR

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er talað um að nám í náttúruvísindum skuli stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast þeir þá hæfni sem þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru.

Samkvæmt *Aðalnámskrá* fela náttúrugreinar m.a. í sér „náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt“. Nám í náttúrugreinum felur meira í sér en efnisþætti frá þessum

vísindagreinum, heldur einnig viðhorf og vinnubrögð: „viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða“.

1. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og einnig í viðhorfi til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis.
2. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að veita umhverfi sínu athygli, bera umhyggju fyrir því og læra að greina aðstæður hverju sinni.

Kennsla í náttúruvísindum, sem getur jöfnum höndum farið fram innan- og utandyra, þarf að miða að því að nemendur þrói með sér góðan orðaforða og jákvætt viðhorf til námsgreinarinnar og því sé við haldið. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að styrkja verklega færni sína, upplifa og njóta, skoða náttúruna og umhverfið. Þeir geti lært að veita náttúru og umhverfi athygli, afla upplýsinga úr heimildum/athugunum og vinna

úr þeim, miðla upplýsingum og treysta á forvitni sína til að þetta takist. Nemendur þurfa að fá þjálfun í og tileinka sér góð vinnubrögð, vinnuaðferðir og að greina skipulega frá niðurstöðum vinnu sinnar.

Yngsta stig

Að byrja í skóla

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- kynnist skólanum og starfsfólki hans og öðlist ákveðið öryggi við upphaf skólagöngu
- fræðist um hlutverk einstakra starfsmanna og starfsheiti þeirra (skólastjóri, ritari, hjúkrunarfræðingur, húsvörður og fl.)
- kynnist nánasta umhverfi skólans
- læri að lesa „myndræna stundaskrá“ og átti sig á daglegu skipulagi í skólanum
- læri um reglur sem gilda í skólanum og á skólalóð
- kynnist ýmsum áhöldum sem tilheyra skólastarfinu og læri heiti þeirra t.d. blýantur, strokleður, heftari, ljósritunarvél, tafla og fl.
- rati um nánasta umhverfi skólans og geti lýst því og rætt um það
- kynnist skólahúsinu og fái nokkra innsýn í skólastarfið t.d. með heimsóknum í eldri bekki skólans
- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans undir leiðsögn

Fjölskyldan

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- skilji orðin skóli, heimili, fjölskylda
- geri sér grein fyrir þeim mismun sem er á heimili og skóla
- geri sér grein fyrir hverjir búa á heimilum þeirra og hvernig venslum þeirra er háttað
- þekki hlutverk einstaklinga í fjölskyldu og kynnist mismunandi fjölskyldugerðum

Tilfinningar

Að því skal stefnt, að nemandinn:

-Þekki nafn helstu tilfinninganna

-Þekki helstu svipbrigðin tengd tilfinningunum

-Þekki hvernig okkur líður í líkamanum við helstu tilfinningarnar

-Þjálfist í að nota myndir til að tjá/benda á hvernig þeim líður

-Þekki að tilfinningar og hegðun er ekki það sama:

Allar tilfinningar eru í lagi en ekki öll hegðun.

Það er í lagi að líða illa, vera dapur, leiður, pirraður, þreyttur og reiður en það er ekki í lagi að lemja, skemma dót, segja særandi hluti o.s.frv.

CAT kassi græn og rauð hegðun

Að því skal stefnt, að nemandinn:

-Þekki muninn á grænni og rauðri hegðun

Geti flokkað myndir af mismunandi hegðun í græna eða rauða hegðun

Geti flokkað atvik/myndbönd af mismunandi hegðun í græna eða rauða hegðun

Viti að græn hegðun er æskileg

Viti að rauð hegðun er óæskileg hegðun sem þarf að stöðva

-Þekki heilbrigða vináttu og vináttuhegðun (græna hegðun)

Umferðafræðsla

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- skilji og kunni einfaldar umferðareglur sem þau geta nýtt sér í daglegu lífi

- þrói með sér hæfni til að þekkja og fara eftir umferðarskiltum og umferðarljósum á öruggan hátt
- átti sig á hættum í umferðinni og hvernig á að forðast hættulegar aðstæður
- þekki öruggar leiðir og staði eins og gangbrautir
- skilji mikilvægi öryggis í umferðinni, t.d. að nota bílbelti, hjólahjálmi og endurskinsmerki
- þrói með sér sjálfstæði í daglegum umferðaraðstæðum

Slysavarnir

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- læri hvernig á að bregðast við ef slys kemur upp, t.d. hvernig á að kalla á hjálp
- skilji mikilvægi öryggisbúnaðar, eins og til dæmis reykskynjara, öryggisglæraugna og sundkúta.
- geri sér grein fyrir slyshættum sem geta orðið bæði heima og í skóla, t.d. rafmagn, hnífar, heitt vatn, eiturefni.

Mín mörk (segja stopp)

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- læri að greina á milli þægilegu og óþægilegu upplifun
- segi frá upplifun og hvernig honum líður um hana
- geri sér grein fyrir upplifun annarra
- kunni að setja mörk og segja nei/stopp
- kunni að biðja um leyfi og sýni virðing fyrir mörk annarra

Einkarými og almannafæri

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- geri greinarmun á opinberu rými og einkarými
- þekki algeng opinber rými (skóli, leikvöllur, gangur)
- þekki algeng einkarými (baðherbergi, svefnherbergi með lokaðri hurð)
- skilji að sumir líkamshlutar eru einkasvæði og eiga að vera huldir á opinberum stöðum

- viti hvaða hegðun á heima í einkarými (t.d. að klæða sig úr/í, nota salerni, koma við einkasvæði)
- virði einkarými annarra (banka, bíða, ekki fara inn í lokuð rými)
- viti að aðeins traustir fullorðnir megi hjálpa með umhirðu og aðeins í einkarými
- geti sagt „nei,“ „stopp“ eða leitað hjálpar þegar farið er yfir mörk
- leiti aðstoðar hjá traustum fullorðnum ef nemandinn er óöruggur eða í vafa

Merkisdagar

Að því skal stefnt, að nemandinn :

- Kynnist helstu merkis- og hátíðisdögum á Íslandi og viti um hvað dagarnir snúast til dæmis jól, páskar, þorinn og dagur íslenskra tungu

Umhverfisfræðsla

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- Beri jákvætt viðhorf til náttúrunnar, og sýni ábyrgð gagnvart umhverfinu.
- Sýni athygli, forvitni og skynji náttúruna og nærumhverfi.
- Geti tekið þátt í einföldum verkefnum sem tengjast náttúrunni.
- Þekki algeng dýr í umhverfinu okkar.
- Fáti tækifæri til að snerta, lykta af og skoða það sem er í náttúrunni.
- Raði rusli í rétta flokka (pappír, plast, lífrænt, og fleira)
- Taki þátt í umhverfisdegi skólans.

Störf

Að því skal stefnt, að nemandinn :

- þekki helstu störfin á atvinnumarkaði
- þekki helstu hlutverk mismunandi starfa
- geri sér grein fyrir tilgangi atvinnu

Ég sjálf(ur) (líkaminn 1)

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- gefi til kynna með bendingum eða myndum að hann þekki ákveðna líkamshluta
- þekki heiti helstu líkamshluta, þ.e. geti nafngreint flesta sjáanlega líkamshluta mannsins og þjálfast í að beita heitum og hugtökum yfir þá
- þekki einkasvæðin sín
- öðlist betri líkamsvitund
- þekki nafn sitt, kyn og aldur
- upplifi og fræðist um skynfæri sín: sjón, heyrn, snertingu, bragðskyn og lyktarskyn
- geri sér grein fyrir hollum og óhollum mat
- Kynnist almennu hreinlæti t.d. þvo hendur, tannbursta, klippa neglur o.s.frv.

Dýrin

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- þekki hugtakið dýr og geti nefnt dæmi
- kynnist húsdýrum, gæludýrum og algengustu villidýrum Íslands
- þekki afkvæmi, líkamshluta, fæðu o.fl.
- kynnist gæludýrahaldi

Hverfið mitt

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- viti hvað heimabærinn sinn/borgin heitir
- þekki heimilisfang sitt
- kynnist heimahverfi sínu, kynnist mun á fjölbýli / einbýli

Árstíðir

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- kynnist árstíðunum, vetur, sumar, vor og haust.
- þekki einkenni hverrar árstíðar t.d. veðurfar, hitastig, gróðurfar, frí og mismunandi tómstundir eftir árstíð
- geti tengt klæðnað við viðeigandi veðurfar

- kynnist helstu hátíðum/merkisdögum sem haldið er upp á og geti tengt við árstíðir

Miðstig

Hæfniviðmiðin fyrir náttúrugreinar í Aðalnámsskrá eru sett fram í sex flokkum, þ.e. **vinnulag náttúruvísinda** (sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í námsgreininni), **umhverfið**, **lífið**, **efnin**, **orkan og alheimurinn**. Þótt hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild.

Eftirfarandi hugtök er mikilvægt að vinna með í náttúrugreinum á miðstigi:

Að vinna með upplýsingar og hugtök

Nemandinn fræðist um....

- einföld hugtök úr náttúruvísindum í samtölum og verkefnum.
- kynnist nokkrum einföldum orðum úr náttúruvísindum (t.d. plöntur, dýr, sól, vindur, vatn).
- mismunandi náttúru texta, myndrit eða myndir.
- einfaldar athuganir og mælingar og skráningu á þeim.
- skýra framsetningu á niðurstöðum.

Vísindaleg vinnubrögð

Nemandinn fræðist um....

- einföld skref í vísindavinnu.
- að skoða náttúruna með stuðningi, til dæmis plöntur, steina, vatn, dýr eða myndir af þeim.
- einfaldar athuganir, með sem dæmi að horfa, snerta, hlusta eða lykta, hella vatni, blanda litum, horfa á ís bráðna, fylgjast með plöntu vaxa.
- skrá athuganir (með að aðstoða við skráningu, t.d. með myndum, táknum, broskörllum eða einföldum orðum).
- einföld merki eða hugtök, sem dæmi: um hvort eitthvað sé stórt/lítið, heitt/kalt, lifandi/ekki lifandi.

- muninum á skoðun og staðreynd.

Líf og náttúra

Nemandinn fræðist um....

- hvernig plöntur, dýr og sveppir lifa og hvað þau þurfa.
- lífshringur lífvera
- að frumur eru byggingareining lífs.
- að lífverur geta aðlagast og erft einkenni.
- gagn og skaðsemi örvera.
- helstu líffæri og kerfi líkamans.
- hvað gerist í kynþroska og hvers vegna virðing í samskiptum skiptir máli.
- góðar heilbrigðisvenjur.

Náttúran og umhverfið

Nemandinn fræðist um....

- vistkerfi og hvers vegna líffræðileg fjölbreytni er mikilvæg.
- hvers vegna við verðum að vernda náttúruna.
- veðurfar á Íslandi.
- loftslagsbreytingar.
- mikilvægi þess að fara vel með náttúruauðlindir.
- hvernig hegðun okkar hefur áhrif á umhverfið.
- einföld verkefni um náttúruvernd og náttúruna eins og að tína rusl eða vökva blóm.

Efna- og eðlisfræði

Nemandinn fræðist um....

- ólíka þætti sem snúa að efna- og eðlisfræði
- mismunandi efnatákn og hugtök eins og heitt/kalt, blautt/þurrt, hart/mjúkt
- mismunandi orkuform, rafmagn, hreyfikraft og varma, hljóð- og ljósbylgjur

Jörðin, rýmið og náttúruöfl

Nemandinn fræðist um....

- breytingar árstíða, dag/nótt á einfaldan hátt.
- að sólin gefur ljós, það er hægt með því að skoða t.d. myndir af jörðinni, tunglinu og sólinni.
- hvernig náttúruöfl móta landið.
- hvað náttúruhamfarir eru og hvernig við bregðumst við þeim.
- gangi tunglsins og stöðu jarðar í sólkerfinu.
- að sólkerfið og alheimurinn eru stór kerfi sem jörðin er hluti af.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðið fyrir samfélagsgreinar eru sett fram í sex flokkum í aðalnámsskrá, þ.e., **vinnulag samfélagsgreina, sjálfsmýnd, siðferði og trú, borgaravitund, saga og jörðin okkar**. Þó að hæfniviðiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild sem á að vera gegnumgangandi í öllu námi og kennslu í námsgreininni.

Eftirfarandi hugtök er mikilvægt að vinna með í samfélagsgreinum á miðstigi:

Samfélag og samskipti

Nemandinn fræðist um....

- hvernig maður finnur upplýsingar í texta, myndum og hljóði og setji þær fram á einfaldan hátt.
- ólíkar skoðanir og geti hlustað á þær og mótað eigi skoðanir á ólíkum málefnum og geti tjáð þær á fjölbreyttan máta.
- hvað eru umræður og geti tekið þátt í þeim á eigin forsendum.
- að setja sig í spor annarra og virði að líf og þarfir fólks geti verið ólíkt.
- hvernig hægt er að miðla frá sér upplýsingum og æfist í því með að nýta sér fjölbreyttar aðferðir.
- hvaða hlutverki samvinna gegnir og hvers vegna hún skiptir máli.

Sjálfsmynd og líðan

Nemandinn fræðist um....

- eigin sjálfsmynd, hver er ég og hvaða áhrif hver og einn einstaklingur hefur.
- sínar þarfir, áhrif lífstíls, heilsu og hvað eru mikilvægar þarfir.
- muninn á hvað þörf og löngun er, til dæmis að við þurfum mat en okkur langar í nammi.
- ólíkar tilfinningar, fáir fræðslu um ólíkar tilfinningar og hvernig þær hafa áhrif á eigin líðan.
- ólíkt hugarfar, seiglu og þrautseigju, hvaða áhrif það hefur síðan á eigin líðan og velferð.
- að læra um sjálfsþekkingu, hverjir eru styrkleikar og vankantar og hvað er gott að efla sig í.
- virðingu og læri að sýna öðrum virðingu, setja og virða mörk og þekkja sín mörk. Vita hvað eru einkastaðir sínir og annarra.
- hvað eru staðalmyndir og fræðist um fordóma og hvað er skaðlegt við slíkar skoðanir.
- kyn og fjölbreytileikann í samfélaginu, að fólk sé mismunandi á marga vegu t.d. kyn/kynhneigð/kynhlutverk og beri virðingu fyrir hvort öðru.
- fjölskyldur geta verið á ólíkan og fjölbreyttan máta.

Siðferði og trú

Nemandinn fræðist um....

- tillitssemi og virðingu í samskiptum
- ólíka trú, siði og lífsskoðanir og að bera virðingu fyrir þeim.
- trúarbrögð heimsins, hver helstu trúarbrögð eru, siði og hátíðir þeim tengdar.
- hvernig trú og lífsskoðanir hafa áhrif á líf fólks.

Samfélag og réttindi

Nemandinn fræðist um....

- lög og reglur, þau eiga að hjálpa til við að búa til sameiginlegar bekkjarreglur, t.d. bíða, skiptast á eða reglur um útifatnað í stofum.
- mannréttindi og þekki réttindi barna og fatlaðra og mikilvægi jafnréttis.
- ólíkar samfélagsgerðir og hvernig þær virka.
- lýðræði, hvað það felur í sér og hvernig það virkar og möguleika á að hafa áhrif á samfélagið sitt og nærumhverfi, í skóla er það meðal annars með valstundum eða kosningar um t.d. sjónvarpefni til að horfa á.
- ólík stjórnkerfi innan samfélagsins.
- fjölbreytt störf og hlutverk mismunandi starfstétta.
- hvað velferð er og hvers vegna hún skiptir máli og að allir njóta góðs af samfélagi sem er annt um velferð þegna (fólks). Það sé eitthvað sem hægt er að stuðla að með að sameiginlegir peningar fari í að greiða fyrir þjónustu sem allir geta notað.

Öryggi og umferð

Nemandinn fræðist um....

- slysavarnir, hverjar helstu hættur eru í umhverfinu og hvernig er best að bregðast við í þeim, t.d. með að hringja í 112 eða veita grunnaðstoð í aðstæðum.
- umferðina og hverjar helstu umferðareglur eru og umferðamerki til að tryggja öryggi sitt og annarra í umferðinni.

Saga og staðir

Nemandinn fræðist um....

- sögu og hvernig á að nota heimildir til að kynna sér sögu hvort sem það er samtími eða fortíðin.
- læri um sögu heimabyggðar, til dæmis að skoða nærumhverfi sitt og einnig menningu sína.

- sögu Íslands og hvernig íslenskt samfélag hefur þróast.
- merka sögulega atburði og hvernig þeir hafa haft mótandi áhrif á samfélagið og hvernig við lifum í dag.

Heimurinn og náttúran

Nemandinn fræðist um....

- notkun korta og tákna til að finna upplýsingar, t.d. finni staði á einföldu korti með hjálp.
- ólík samfélög sem eru til, ólíka menningarheima og hvað aðstæður fólks geta verið ólíkar.
- Notkun náttúruauðlinda og áhrif þess á umhverfið, t.d. fræðast um vatn, mat og loft.

Unglingastig

Lífið fyrr og nú

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- fái innsýn í fjölskyldulíf fyrir 1-2 kynslóðum, t.d. með viðtölum við eldra fólk í eigin fjölskyldu, af gömlum ljósmyndum, í kvikmyndum og/eða í gegnum aðrar heimildir
- geti nefnt dæmi um það sem er líkt og ólíkt í húsnæði, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, siðum og venjum nú og á öðru tímaskeiði, t.d. viti hvaða leikföngum forfeður okkar léku sér að

Ísland - Land og þjóð

Að því skal stefnt, nemandinn:

- læri um: Ísland, einstaka landshluta, Reykjavík (sem höfuðborg), helstu staði á landinu, þekktustu náttúrufyrirbæri (t.d. fossa, hver, jökla o.þ.h.)
- þekki á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, (helstu ár, jökla, firði, flóa og fjöll)

- fjalli um ferðamannastaði á Íslandi s.s. eftir hverju ferðalangar eru að sækjast þegar þeir fara um landið
- afli einfaldra upplýsinga eins og hvert nemendur í bekknum fóru í sumar
- kynnist áttaheitum og læri að þekkja áttir á hnattlíkani
- viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr
- kynnist nokkrum íslenskum þjóðsögum
- þekki íslenska fánann og hvað litir hans tákna, skjaldarmerki Íslands og söguna af landvættunum
- skilji hlutverk þjóðsöngsins og þjóðhátíðardagsins í stórum dráttum
- læri um hlutverk nokkurra þjónustustofnana í samfélaginu, s.s. skóla, sjúkrahúsa og lögreglu
- þekki mikilvægar stjórnsýslustofnanir eins og Alþingi, forsetaembættið, stjórnarráð og hæstarétt

Norðurlöndin

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- þekki heiti helstu staða á Íslandi
- helstu náttúrufyrirbæri
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða.
- viti hvað höfuðborgir Norðurlandanna heita
- læri fánaliti landanna
- þekki sérkenni viðkomandi landa
- viti að töluð eru mismunandi tungumál í þessum löndum
- fjalli um landfræðileg hugtök s.s. fjall, fjörður, dalur, strönd, hálendi og vatn og hvernig þau eru táknuð á korti
- átti sig á megineinkennum landslags af korti t.d. með hvaða litum láglandi og hálendi er oftast táknað á landakorti
- kynnist einföldum þemakortum
- kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum

- átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa

Önnur (Evrópu)lönd

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- geri sér grein fyrir að útlönd eru mismunandi lönd og að þar búa þjóðir sem tala hver sitt tungumál.
- þekki ýmis hugtök s.s. heimsálfa, þjóð, tungumál
- þekki á (Evrópu)korti nöfn og legu umræddra ríkja (í Evrópu).
- viti hvað höfuðborgir þeirra heita
- þekki fána landanna
- þekki helstu samgönguleiðir þ.e. hvernig er hægt að ferðast innan landanna og á milli landa
- kynnist dæmum um lífsskilyrði fólks í öðrum (Evrópu)löndum
- fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri

Atvinnulíf

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- kynnist mismunandi störfum fólks, t.d. með kynningu á störfum foreldra í bekknum
- kynnist nokkrum dæmum um störf til sjávar og sveita
- skilji hlutverk ólíkra starfa í þjóðfélaginu
- skilji mikilvægi hafsins og legu landsins fyrir lífsafkomu þjóðarinnar nú og áður fyrr
- viti í stórum dráttum hvert hlutverk gjaldmiðils og banka er

Hvað tekur við að grunnskóla loknum?

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- kynnist skólum og ýmsum stofnunum/aðilum sem sinna málum fatlaðra og nemendur

- munu tengjast í framtíðinni s.s. framhaldsnám, félagsmiðstöðvar, búseta
- viti að til eru mismunandi skólar s.s. leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar, tómstundaskólar, listaskólar, háskólar o.s.frv.
- öðlist yfirsýn yfir skólagöngu sína frá leikskóla upp í framhaldsskóla
- velti fyrir sér merkingu orða sem tengjast fötlun s.s. fatlaður, seinfær, seinþroska, greindarskertur, þroskaskertur, þroskahömlun, sérdeild, sérskóli
- fræðist um skipulag innan grunnskóla og framhaldsskóla með tilliti til námsþarfa
- fái að tjá væntingar sínar varðandi framtíð með tilliti til þátttöku í atvinnulífi.

Heimsbyggð

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- átti sig á því að fólk ferðast af ýmsum ástæðum og er mislengi í ferðum sínum t.d. á leið til skóla, í heimsóknir til ættingja eða sumarleyfi til fjarlægari staða
- geti útskýrt ýmis tilefni þess að fólk ferðast og flytur milli staða
- kynnist því að til eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum
- læri um ólíka siði og venjur í heiminum, t.d. með því að heyra frásögn nýbúa af siðum í framandi landi
- fræðist um nýbúa á Íslandi, hvaðan þeir koma helst og nokkrar ástæður þess að þeir hafa flust hingað
- kynnist því að börn búa við ólíkar efnahagslegar og félagslegar aðstæður í heiminum
- geti sagt frá frægum landkönnuðum eins og Eiríki rauða, Leifi Eiríkssyni og Kólumbusi
- verði fróðari um vesturferðirnar fyrir og um 1900 og búsetu Íslendinga erlendis nú
- kanni og geti gert grein fyrir nokkrum uppfinningum og tækninýjungum og áhrifum þeirra á samgöngur og samskipti í heiminum, t.d. gufuvél, bíl, flugvél, prenttækni, snjalltæki, gervitunglum og tölvutækni

Menning og siðir

Að því skal stefnt, að nemandinn skilji og takist á við viðfangsefni s.s.

- satt og ósatt
- loforð
- að viðurkenna mistök sín
- að klagja
- reiði
- deilur
- fyrirgefningu
- ólík trúarbrögðum eftir kynpáttum og heimshlutum

Náttúrufræði (unglingastig)

Líkaminn 3

Að því skal stefnt, að nemandinn:

- þekki helstu líffæri líkamans og hlutverk þeirra
- geti nefnt helstu bein og vöðva líkamans
- geri sér grein fyrir mikilvægi næringar fyrir líkamann
- þekki skynfærin og hlutverk þeirra
- geri sér grein fyrir mikilvægi hollustu og heilbrigðs lífennis s.s. að borða hollan mat
- hreyfa sig, þvo sér um hendur, burstu tennur og mikilvægi þess að sofa nóg og að vera snyrtilegur
- geti lýst helstu breytingum sem verða á líkama mannsins frá fæðingu til fullorðinsára

Fuglar

að því skal stefnt, að nemandinn:

- læri heiti helstu fugla og þekki einkenni þeirra
- þekkir helstu fuglategundir á Íslandi
- þekki helstu líkamshluta fugla s.s. goggur, stél, vængir o.s.frv.

- þekki fæðu hjá mismunandi fuglategundum
- átti sig á hvað eru staðfuglar og farfuglar

Eðlisfræði

að því skal stefnt, að nemandinn:

- geri sér grein fyrir að sumir hlutir festast við segul og aðrir ekki
- þekki að sumir hlutir leiða rafmagn en aðrir ekki
- skilji að hlutir eins og bílar, tölvur og ljósaperur noti rafmagn
- átti sig á hvaðan rafmagn kemur

Vatn

að því skal stefnt, að nemandinn:

- átti sig á hvernig vatn er í mismunandi efnisástöndum t.d. frosinn vökvi og klaki
- skilji muninn á heitu vatni og köldu vatni
- skilji hættuna tengdu heitu vatni
- þekki muninn á sjó og fersku vatni
- þekki eiginleika vatns t.d hvað flýtur og hvað sekkur

Heilsufræði (Líkaminn 4)

Námsgreinar

að því skal stefnt, að nemandinn:

- þekki varnir líkamans, þ.m.t. myndun ónæmis gegn sjúkdómsvöldum, ræði um ýmiss konar sjúkdóma og mögulegar smitleiðir, varnir og lækningar
- gera sér grein fyrir að ýmis utanaðkomandi efni eru skaðleg líkamanum
- þekki hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með líkamlegu og andlegu heilbrigði t.d. með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum

- þekki og geti beitt ýmsum hugtökum tengdum kynþroska, æxlun, fósturþroska og fæðingu

Kynheilbrigði

Að því skal stefnt að nemandinn skilji og geti áttað sig á :

- kynheilbrigði
- kynvitund
- ábyrgri hegðun í kynlífi
- hvernig börnin verða til
- mikilvægi þess að virða mörk
- tilfinningum og tilgang getnaðarvarna

Umhverfismennt

Markmið að nemandinn:

- Fái tækifæri til að komast í snertingu við og upplifa mismunandi náttúru og veður
- veiti fuglum, skordýrum, veðri o.fl.. athygli
- þekki helstu veðurtákn sem notuð eru við veðurlýsingar og geti notað þau við kynningu á niðurstöðum eigin mælinga á hita, vindi og úrkomu
- viti hvaða breytingar árstíðaskipti hafa í för með sér fyrir daglegt líf, s.s. á klæðnað og leiki
- geti lýst veðureinkennum árstíða og hvers má vænta á hverjum tíma, t.d. að kalt er á veturna en heitara á sumrin, tré fella lauf á haustin en vaxa aftur á vorin
- þekki og fylgi eftir reglum skólans um endurvinnslu og endurnýtingu hluta, s.s. flokkun á lífrænum úrgangi, pappír og plasti í tengslum við Grænfánaverkefni
- öðlist meðvitund um leiðir til orkusparnaðar (tölvur, ljós og hita)

Plöntur

Markmið að nemandinn:

- veiti gróðri athygli í umhverfi sínu, blómum, matjurtum og trjám.
- átti sig á mikilvægi birtuskilyrða, áburði og vökvun jurta
- átti sig á hvernig ræktun fer fram
- skoði helstu hluta plöntu (rót, stöngul, laufblöð, blóm)
- læri heiti nokkurra algengra plantna og trjáa

ENSKA

Fyrsta stig

(nemendur sem eru að byrja í ensku)

Hlustun og skilningur

Að nemandinn:

- fylgi einföldum fyrirmælum („stand up“, „sit down“, „point to...“)
- þekki 10–30 algeng orð (litir, tölur, dýr, matur)
- greini kunnugleg orð úr söngvum og myndefni

Tala og tjáning

- endurtaki orð og stuttar setningar með stuðningi
- segi nafnið sitt og einfaldar upphafssetningar („My name is...“)
- tjái með bendingum eða myndum ef þörf er á

Lestur og táknlæs

- þekki valin orð/dæmi með myndum
- þarai orð og mynd (flashcards, orðaspjöld)

Ritun

- skrifi stök orð með stoðkerfum (stafir, orðalímmiðar, teikning + orð)

Menning og samskipti

- taki þátt í einföldum samskiptaleikjum
- kynnist hátíðum og siðum enskumælandi landa á myndrænan hátt

Miðstig

(Nemendur sem hafa grunn og geta fylgt leiðsögn)

Hlustun og skilningur

- fylgi tveggja þrepa fyrirmælum
- skilji algeng orðasambönd („I like...“, „I want...“, „Can I?“)

Tala og tjáning

- myndi stuttar setningar með stuðningi
- noti lærðan orðaforða í samtali og leik
- lýsi hlutum, litum eða vali („I choose the red one“)

Lestur

- lesi stutt orð og setningar með myndastuðningi
- þekki algeng sight words (10–30 eftir getu)

Ritun

- skrifi stuttar setningar út frá sniðmáti
- haldi einfalt orðasafnshefti

Menning og samskipti

- kynnist siðum, mat og umhverfi enskumælandi landa
- taki þátt í verkefnum þar sem samstarf og kurteisisorð eru þjálfuð („please“, „thank you“)

Efsta stig

(Nemendur sem hafa þróað færni og vinna sjálfstæðar útfærslur)

Hlustun og skilningur

- skilji fyrirmæli án stuðnings (innan þekks orðaforða)
- fylgi einföldum leiðbeiningum með verkefni eða myndbandi

Tal og tjáning

- noti ensku í daglegum athöfnum þegar tilefni gefst
- geti tjáð vilja, skoðun og val („I think...“, „I prefer...“)
- tekið þátt í hlutverkaleikjum eða stuttum kynningum

Lestur

- lesi stuttar textalotur með myndum og skilji megininntak
- vinni með orðabanka og noti orðalista óháð kennara

Ritun

- skrifi 3–6 setninga texta með sniðmáti
- vinni með verkefnablöð sem fela í sér orðaval, samsuðu setninga og myndskreytingar

Menning og samskipti

- þekki helstu menningarþætti nokkurra enskumælandi landa
- sýni góða hefðun í enskukennslu (samvinna, hlustun, samskipti)

Námsmat í ensku

Námsmat er framkvæmt í janúar og vori.

Metið er meðal annars:

- hlustun og þátttaka
- orðaforði og munnleg tjáning
- skilningur á verkefnum og fyrirmælum
- virkni, úthald og að fylgja fyrirmælum
- félagsfærni og samvinna
- framfarir yfir tíma

Athugunarlistar eru settir upp eftir þrepunum og aðlagðir hverjum nemanda.

Einfaldur gátlisti

Grunnstig

- ☐ Fylgir einföldum munnlegum fyrirmælum
- ☐ Þekkir algeng orð (litir, tölur, dýr o.fl.)
- ☐ Endurtekur orð og stuttar setningar
- ☐ Tengir orð og myndir
- ☐ Tjáir sig með orðum/bendingum/myndum
- ☐ Tekur þátt í einföldum samskipta- og hreyfileikjum

Miðstig

- ☐ Skilur tveggja þrepa fyrirmæli
- ☐ Notar einfaldar setningar (I like..., I want...)
- ☐ Les stök orð/setningar með myndum
- ☐ Skrifar orð eða 1–2 setningar með stoð
- ☐ Talar í leik og notar orðaforða sjálfstætt
- ☐ Tekur þátt í samvinnu og kurteisissamskiptum

Efsta stig

- ☐ Skilur fyrirmæli án mikils stuðnings
- ☐ Notar ensku í hlutverkaleikjum / daglegum aðstæðum
- ☐ Les stuttan texta og skilur megininntak

- ☐ Skrifar 3–6 setninga texta með sniðmáti
- ☐ Tjáir skoðun og val (I think..., I prefer...)
- ☐ Sýnir góð vinnubrögð og samstarf

Hæfnitafla

Hæfnipáttur	Grunnstig	Miðstig	Efsta stig
Hlustun og skilningur	Fylgir einföldum fyrirmælum; þekkir lykilorð	Fylgir tveggja þrepa fyrirmælum; skilur algeng orðasambönd	Skilur leiðbeiningar og einfalt efni
Tala og tjáning	Endurtekur orð og stuttar setningar	Myndar stuttar setningar; notar orðaforða í leik	Tjáir skoðanir, val og tekur þátt í samtali
Lestur	Tengir orð og myndir	Les stutt orð/setningar með myndum	Les texta og skilur megininntak
Ritun	Skrifar stök orð	Skrifar stuttar setningar með stoð	Skrifar 3–6 setninga texta
Menning og samskipti	Tekur þátt í leikjum og grunnsamskiptum	Kurteisissamskipti og skilningur á siðum	Tjáir sig um menningu og tekur þátt í samvinnu

ÍÞRÓTTIR

Yngsta stig

Læsi:

- Fá tækifæri til að lesa í fyrirmæli í íþróttum og sundi. (Myndræn, talað mál, tákn með tali, o.fl.).
- Kynnist sínu nánasta umhverfi og séu öruggir.
- Lesa í umhverfið og gera sér grein fyrir rýminu.

Sjálfbærni:

- Velja leiki sem höfða til nemandans og honum finnst skemmtilegir.
- Taka ábyrgð á sjálfum sér í umhverfi sínu.
- Hafa frumkvæði að samskiptum við aðstoðarfólk og samnemendur.

Heilbrigði og Velferð:

- Hafi gaman af að stunda íþróttir og hreyfa sig.
- Njóti þess að vera úti í náttúrinni.

Lýðræði og mannréttindi:

- Að nemandi geti valið á milli fyrir fram ákveðinna verkefna.
- Að koma vel fram við aðra.

Jafnrétti:

- Fari eftir reglum og komi vel fram við samnemendur.
- Rækti hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum.
- Taka þátt í samvinnuleikjum með félögunum.

Sköpun:

- Hreyfa sig í takt við mismunandi tónlist.
- Fá tækifæri til að virkja ímyndunaraflið í hreyfileikjum.
- Notist við eigin hreyfifærni til að leysa ólík verkefni.

Almenn menntun miðar að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnpættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. (<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-2-almenn-menntun>)

Yngsta stig	Líkamsvitund, færni og afkastageta
Grunnþjálfun (Þol, styrkur, liðleiki, samhæfing)	geti gert einfaldar styrktar æfingar með aðstoð geti klifrað í rimlum með aðstoð geti gengið á jafnvægislá með aðstoð geti gengið upp og niður tröppur með víxl hreyfinu fóta með aðstoð geti skriðið í gegnum göng með aðstoð geti beygt sig undir hindranir með aðstoð geti gengið yfir hindranir með aðstoð hafi úthald til að vinna í þrautabraut í 15. mínútur með aðstoð geti tekið þátt í stöðvapjálfun með aðstoð geti unnið í 3. mínútur á hverri stöð með aðstoð
Smáleikir	geti gengið/hlaupið með og parað saman myndir geti tekið þátt í Stórfiskaleik geti tekið þátt í Skottaeltingaleik
Hreyfitjáning	geti tekið þátt í einföldum hreyfidönsum
Knattleikir	geti rúllað bolta á milli geti kastað bolta með báðum höndum geti gripið bolta með báðum höndum geti kastað bolta í lága körfu
Frjálsar íþróttir	geti tekið þátt í einföldum boðleikjum geti hlaupið stuttar vegalendir með aðstoð geti tekið viðbragð úr standandi stöðu með aðstoð geti hoppað jafnfætis á lítilli upphækkun
Útivist	geti gengið í hóp í ákveðinn tíma í nágrenni skólans með aðstoð

Yngsta stig	Félagshæfni
Leikreglur	geti farið eftir fyrimælum kennara með aðstoð geti fylgt leikreglum í einföldum eltingaleikjum og boðleikjum með aðstoð geti gert til skiptis með aðstoð

	geti beðið eftir að röðin komi að þeim með aðstoð
Virkni	sýni virkni og vinnusemi í leikjum og æfingum með aðstoð

Yngsta stig	Heilsa og heilsuefning
Líffræði- þekking	þekki helstu líkamshluta
Útivist	geti tekið þátt í gönguferðum í nágrenni skólans með aðstoð geti klætt sig eftir veðri með aðstoð
Virkni	geti tekið virkan þátt í einföldum leikjum og viðfangsefnum með aðstoð njóti þess að hreyfa sig
Talning	geti gert einfaldar talningar í leikjum og æfingum með aðstoð

Yngsta stig	Öryggi og hreinlæti
Öryggi	geti farið eftir þeim reglum sem gilda í íþróttasalnum með aðstoð geti farið eftir þeim reglum sem gilda á sundlaugarsvæði og í búningsherbergjum með aðstoð
Hreinlæti	geti sturtað sig með sápu áður en farið er í laug með aðstoð geti gengið vel um fötin sín með aðstoð

Yngsta stig	Sund
Vatnsaðlögun	geti tekið þátt í einföldum leikjum með aðstoð geti gengið um laugina geti blásið í vatnið geti farið í kaf geti hoppað sitjandi af bakka í laug geti flotið á maga með hjálpartækjum/aðstoð geti flotið á baki með hjálpartækjum/aðstoð
Skriðsund	geti synt skriðsundsfótatök með hjálpartækjum/aðstoð
Bakskriðsund	geti synt bakskriðsundsfótatök með hjálpartækjum/aðstoð

Almenn menntun miðar að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. (<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-2-almenn-menntun>)

Miðstig

Læsi:

- Fá tækifæri til að lesa í fyrirmæli í ípróttum og sundi. (Myndræn, talað mál, tákn með tali, o.fl).
- Kynnist sínu nánasta umhverfi og séu örugg.
- Lesa í veður og hvernig best er að klæðast eftir veðri og hreyfingu.
- Lesa í umhverfið og gera sér grein fyrir rýminu.

Sjálfbærni:

- Velja leiki sem höfða til nemandans og honum finnst skemmtilegt.
- Geta sagt frá eigin vali á hreyfingu.
- Taka ábyrgð á sjálfum sé í umhverfi sínu.
- Taka frumkvæði að samskiptum við aðstoðarfólk og samnemendur

Heilbrigði og Velferð:

- Hafi gaman af að stunda íþróttir og hreyfa sig.
- Njóti þess að vera úti í náttúrinni.
- Geri sér smátt og smátt grein fyrir mikilvægi hreyfingar á eigin líðan.

Lýðræði og mannréttindi:

- Að nemandi geti valið á milli fyrir fram ákveðinna verkefna.
- Að koma vel fram við aðra.

Jafnrétti:

- Fari eftir reglum og komi fram af virðingu við samnemendur.
- Rækti hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum.
- Taka þátt í samvinnuleikjum með félögunum.

Sköpun:

- Hreyfa sig í takt við mismunandi tónlist.
- Fá tækifæri til að virkja ímyndunaraflíð í hreyfileikjum.
- Notist við eigin hreyfifærni til lausna við ólík verkefni

Miðstig	Líkamsvitund, færni og afkastageta
Grunnþjálfun (þol, styrkur, liðleiki, samhæfing)	geti gert einfaldar styrktar æfingar með hvatningu geti klifrað í rimlum geti sveiflað sér í hringjum geti gengið á jafnvægislá geti gengið upp og niður tröppur með víxl hreyfinu fóta geti skriðið í gegnum göng geti beygt sig undir hindranir geti gengið yfir hindranir geti náð með lófa í fótlegg í standandi/sitjandi stöðu hafi úthald til að vinna í þrautabraut í 15. mínútur án þess að stoppa geti tekið þátt í stöðvaþjálfun með hvatningu geti unnið í 5. mínútur á hverri stöð með hvatningu
Smáleikir	geti tekið þátt í ólíkum eltingaleikjum geti tekið þátt í einföldum samvinnuleikjum geti farið eftir reglum sem gilda í mismunandi leikjum
Hreyfitjáning	geti tekið þátt í einföldum hreyfidönsum geti tekið þátt í einföldum ímyndunar leikjum
Knattleikir	geti kastað bolta á milli geti kastað bolta með annarri hendi geti tekið þátt í keilustríði (kasta niður keilur) geti dripplað bolta fimm sinnum með annarri hendi geti gert einfaldar æfingar með bolta geti kastað bolta í körfu með annarri hendi

	geti sparkað bolta á milli geti sparkað niður keilur
Frjálsar íþróttir	geti tekið þátt í boðhlaupi geti hlaupið yfir hindranir geti tekið viðbragð úr hálfboginni stöðu geti kastað baunapoka/bolta í ákveðin mörk geti hoppað jafnfætis geti tekið þátt í ýmsum æfingum að hoppa af örum fæti
Útivist	geti gengið sjálfstætt í hóp í ákveðinn tíma í nágrenni skólans

Mið stig	Félagshæfni
Leikreglur	geti farið eftir fyrirmælum kennara með hvatningu geti fylgt leikreglum í einföldum leikjum og æfingum með hvatningu geti gert til skiptis geti beðið eftir að röðin komi að þeim geti tekið þátt í einföldum leikjum þar sem skipt er í lið með aðstoð
Virgni	sýni virgni og vinnusemi í leikjum og æfingum sýni sjálfstæði í leikjum og æfingum

Miðstig	Heilsa og heilsuefning
Líffræði- þekking	þekki helstu líkamshluta og hvernig hægt er að nýta þá í hinum ýmsu æfingum
Útivist	geti tekið þátt sjálfstætt í hóp í gönguferðum í nágrenni skólans geti klætt sig eftir veðri
Virgni	geti tekið virkan þátt í einföldum leikjum og viðfangsefnum
Talning	geti gert einfaldar talningar í leikjum og æfingum

Miðstig	Öryggi og hreinlæti
Öryggi	geti farið eftir þeim reglum sem gilda í íþróttasalnum með hvatningu

	geti farið eftir þeim reglum sem gilda á sundlaugarsvæði og í búningsherbergjum með hvatningu
Hreinlæti	geti sturtað sig með sápu áður en farið er í laug með hvatningu geti gengið vel um fötin sín með hvatningu

Miðstig	Sund
Vatnaðlögun	geti hoppað standandi af bakka í laug geti kafað eftir hlut geti synt í dýpri enda laugar
Skriðsund	geti synt með höndum
Bakskriðsund	geti synt með höndum

Almenn menntun miðar að því að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Hún er hvort tveggja í senn einstaklingsmiðuð og samfélagsleg.

Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. (<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-2-almenn-menntun>)

Unglingastig

Læsi:

- Fá tækifæri til að lesa fyrirmæli í íþróttum og sundi. (Myndræn, talað mál, o.fl).
- Kynnist sínu nánasta umhverfi og séu öruggir.
- Lesa í veður og hvernig best er að klæðast eftir veðri og hreyfingu.

- Lesa í umhverfið og gera sér grein fyrir rýminu.
- Kynnist líkama sínum og hvernig hægt er að beita honum til íþróttar og hreyfingar

Sjálfbærni:

- Velja leiki og æfingar sem nemendur hafi gaman af.
- Geta valið hreyfingu eftir áhuga.
- Taka ábyrgð á sjálfum sér í umhverfi sínu.
- Taka frumkvæði að samskiptum við aðstoðarfólk og samnemendur

Heilbrigði og Velferð:

- Hafi gaman af að stunda íþróttir og hreyfa sig.
- Njóti þess að vera úti í náttúrinni.
- Geri sér smátt og smátt grein fyrir mikilvægi hreyfingar á eigin líðan.
- Þekki styrkleika sína og valið hreyfingu við hæfi.

Lýðræði og mannréttindi:

- Að nemandi geti valið milli fyrir fram ákveðinna verkefna.
- Að koma vel fram við aðra.
- Geti stundað hreyfingu í hópi ólíkra einstaklinga.

Jafnrétti:

- Fari eftir reglum og komi fram af virðingu við samnemendur.
- Rækti hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum.
- Taka þátt í samvinnuleikjum með félögunum.

Sköpun:

- Hreyfa sig í takt við mismunandi tónlist.
- Fá tækifæri til að virkja ímyndunaraflið í hreyfileikjum.
- Notist við eigin hreyfifærni til lausna við ólík verkefni.
- Upplifa fjölbreytileika skólaíþróttanna og skapa eigin stíl.

Elsta stig	Líkamsvitund, færni og afkastageta
------------	------------------------------------

Grunnþjálfun (þol, styrkur, liðleiki, samhæfing)	geti sýnt sjálfstæði í æfingum geti unnið í 5. mínútur á fjölbreyttum stöðvum sem þjálfar þol, styrk liðleika og samhæfingu geti nýtt sér algengustu tæki í tækjasal þekki teygjuæfingar fyrir stærstu vöðvahópana
Smáleikir	geti tekið þátt í ólíkum eltingaleikjum geti tekið þátt í einföldum samvinnuleikjum geti tekið þátt í hópíþróttum geti farið eftir reglum sem gilda í mismunandi leikjum
Hreyfitjáning	geti tekið þátt í einföldum hreyfidönsum geti tekið þátt í einföldum ímyndunar leikjum
Knattleikir	geti kastað bolta á milli geti kastað bolta með annarri hendi geti tekið þátt í keilustríði (kasta niður keilum) geti dripplað bolta geti gert einfaldar æfingar með bolta geti gert einfaldar æfingar með bolta með öðrum geti kastað bolta í körfu með annarri hendi geti sparkað bolta á milli geti sparkað niður keilur geti tekið þátt í bandy
Frjálsar íþróttir	geti tekið þátt í spretthlaupi geti tekið þátt í sérhæfðum æfingum fyrir boðhlaup geti gert æfingar fyrir skiptingar í boðhlaupi geti tekið þátt í ýmsum æfingum fyrir langstökk geti gert einfaldar kastæfingar fyrir spjótkast og kúluvarp
Útivist	geti gengið sjálfstætt í hóp á miserfiðu undirlagi í nágrenni skólans hafi ánægju af útiveru og göngu eru óhrædd á að takast á við mismunandi áskoranir

Elsta stig	Félagshæfni
Leikreglur	geti farið eftir fyrirmælum kennara geti gengið sjálfstætt í hóp í útivist geti fylgt leikreglum í einföldum leikjum og æfingum geti gert til skiptis geti beðið eftir að röðin komi að þeim geti tekið þátt í einföldum leikjum þar sem skipt er í lið
Virkni	sýni virkni og vinnusemi í leikjum og æfingum
Háttvísi	geti hvatt liðsfélaga áfram

Elsta stig	Heilsa og heilsuefning
Líffræði- þekking	þekki helstu vöðvahópa og hlutverk þeirra þekki hlutverk hjartans og hvernig það vinnur eftir ákefð æfinga/viðfangsefna
Útivist	geti tekið þátt í lengri gönguferðum í nágrenni skólans geti gengið á fjölbreyttu undirlagi geti klætt sig eftir veðri
Virkni	geti tekið virkan þátt í fjölbreyttum leikjum og viðfangsefnum
Talning	geti gert talningar í leikjum og æfingum geti mælt liðleika

Elsta stig	Öryggi og hreinlæti
Öryggi	geti farið eftir þeim reglum sem gilda í íþróttasalnum geti farið eftir þeim reglum sem gilda á sundlaugarsvæði og í búningsherbergjum
Hreinlæti	geti sturtað sig með sápu áður en farið er í laug geti gengið vel um búningsklefann

Elsta stig	Sund
------------	------

Kafsund	geti spyrrt frá bakka og synt kafsund
Skriðsund	geti synt skriðsund með höndum og fótum geti andað rétt þegar synt er geti synt lengri vegalengdir
Bakskriðsund	geti synt bakskriðsund með höndum og fótum geti synt lengri vegalengdir
Bringusund	byrjendafærni í bringusundshandartökum

LIST- OG VERKGREINAR

List- og verkgreinar eru mikilvægur hluti menntunar í grunnskóla og byggja á skapandi vinnu, hagnýtum aðferðum, efnisþekkingu og samþættingu hugmynda og framkvæmdar. Samkvæmt Aðalnámskrá fá nemendur tækifæri til að kanna efni, þróa hugmyndir, leggja mat á lausnir og skapa áþreifanlegar afurðir sem efla sjálfstæði, ábyrgð, útsjónarsemi og jákvætt viðhorf til sköpunar og vinnubragða.

List- og verkgreinasviðið skiptist í tvo meginflokka. Listgreinar eru mynd-mennt, tónmennt og aðrar skapandi tjáningargreinar sem byggja á fagur-fræði, tjáningu og túlkun. Verkgreinar eru hönnun og smíði, heimilisfræði og textílmennt; greinar sem byggja á handverki, verklagi, notkun efna og áhalda. Í Klettaskóla eru textílmennt, hönnun og smíði sérstaklega staðsettar innan verkgreina vegna sterkrar verklegar nálgunar og þjálfunar í fínhyfingum. Nám á þessu sviði er aðlagð þörfum nemenda, byggir á stuðningi, skýru verklagi og skrefabundnu námi þar sem hver nemandi vinnur.

Velferðarlög og réttindi nemenda

Kennsla í list- og verkgreinum í Klettaskóla tekur mið af velferðarlögum og réttindum nemenda viðvirkjandi öryggi, aðgengi og viðeigandi stuðningi. Nemendur fá tækifæri til þátttöku á eigin forsendum. Verkefni, aðbúnaður og kennsluhættir eru lagaðir að þörfum, getu og þroska hvers og eins. Í verklegum greinum, þar sem unnið er með

áhöld, efni og skrefaskipt verklag, er sérstaklega horft til öryggis, vellíðanar og virðingar. Lögð er áhersla á að skapa námsumhverfi sem styrkir sjálfstæði, lífsleikni, jákvæða upplifun og samfélagslega þátttöku nemenda í samræmi við grunngildi velferðarlaganna.

Námsmat – Leiðsagnarmat

Aðalnámskrá leggur ríka áherslu á leiðsagnarmat sem hluta af daglegri kennslu. Kennarar eiga að hjálpa nemendum að átta sig á markmiðum náms, fylgjast með stöðu sinni og skilja hver næstu skref í náminu eru. Markmið eru skýr og sýnileg frá upphafi. Nemendur fá reglulega, leiðbeinandi endurgjöf sem styður framfarir. Sjálfsmat er virkjað með einföldum spurningum eða viðmiðum. Sýnikennsla og stuðningur eru hluti af daglegu námi. Mat tengist einstaklingsnámskrám og þróun nemandans yfir tíma.

Einstaklingsmiðað nám: námskrá og kennsluáætlanir

Öllum nemendum Klettaskóla er kennt samkvæmt einstaklingsmiðaðri námskrá og einstaklingsmiðaðri kennsluáætlun. Þessi áætlanagerð byggir á:

- markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla,
- þörfum, styrkleikum og stuðningsþörf hvers nemanda,
- velferðarsjónarmiðum og réttindum nemenda,
- aðlögun á efni, hraða, erfiðleikastigi og umfangs verkefna,
- reglulegri endurskoðun og samstarfi við nemanda, fjölskyldu og stoðþjónustu.

Hæfniviðmið í þessari námskrá eru sett fram sem **almennur rammi**, en raunhæf markmið hvers nemanda eru alltaf stillt af í hans eigin áætlunum.

TEXTÍLMENNT

Menntagildi og megintilgangur

Textílmennt sameinar verkkunnáttu, sköpun, fagurfræði og sjálfbærni. Í náminu fá nemendur tækifæri til að þjálfra fínhyrreyfingar, vinna með fjölbreytt efni og áhöld og tjá sig á skapandi hátt. Áhersla er lögð á að efla sjálfstæði, hugmyndavinnu, útsjónarsemi og jákvæða sjálfsmynd.

Sérstaða Klettaskóla

Textílnám í Klettaskóla er einstaklingsmiðað og sveigjanlegt. Markmið hvers nemanda eru útfærð í einstaklingsnámskrá og kennsluáætlun, en aðalnámskrá setur fram yfirmarkmið og heildarstefnu greinarinnar. Lögð er áhersla á skýrar leiðbeiningar,

hagnýt verkefni og aðgengilegt verklag sem hæfir nemendum með fjölbreyttar þarfir, meðal annars þeim sem þurfa stuðning við hreyfingu, athygli, skipulag eða val á efni.

Textílmennt – Velferðarlög og aðgengi

Kennsla í textílmennt í Klettaskóla tekur mið af velferðarlögum og réttindum nemenda hvað varðar öryggi, aðgengi og viðeigandi stuðning. Verkefni, aðferðir og efnisval eru aðlöguð þannig að allir nemendur geti tekið þátt á eigin forsendum og upplifi árangur í verki. Áhersla er lögð á skýrt verklag, sýnikennslu og einstaklingsmiðaða leiðsögn sem styður fínhyrningar, sjálfstæði og vellíðan í námi.

Megintilgangur og yfirmarkmið

A. Verklag, aðferðir og tækni

Að nemandi fái tækifæri til að þjálfa fín- og grófhreyfingar, beita áhöldum á öruggan hátt og vinna eftir skipulögðu verklagi. Áhersla er á öryggi, nákvæmni og skrefbundin vinnubrögð.

B. Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemandi fái að þróa hugmyndir, prófa lausnir, velja efni og taka þátt í hönnunarferli sem leiðir til áþreifanlegra afurða.

C. Menning og umhverfi

Að nemandi þekki gildi handverks, sjálfbærni og umhverfisverndar og læri að nýta efni á ábyrgan og vistvænan hátt.

Sambætting grunnþátta og lykilhæfni

- Sköpun → Skapandi hugsun: Ímyndunarafl, tilraunir og lausnaleit.
- Sjálfbærni → Ábyrgð: Endurnýting, vistvænt val og umhverfisvitund.
- Heilbrigði og velferð → Sjálfstæði: Öryggi, vinnustellingar og jákvætt viðhorf.
- Læsi → Tjáning: Myndir, mynstur, snið, leiðbeiningar og hugtök greinarinnar.
- Jafnrétti og lýðræði → Samvinna: Hópvinnu, virðing og félagsfærni.

Yngsta stig

Nemandi ...

- noti grunnáhöld með leiðsögn,
- þjálfí einfaldar textílaðferðir (t.d. fléttu eða perlupræðingu),
- lýsi hugmynd á einfaldan hátt,
- þekki nokkur efni og gengur vel um.

Miðstig

Nemandi ...

- vinni eftir einföldum forskriftum,
- beiti tækni í nokkrum verkþáttum textíls,
- útskýri eigin hugmynd með einföldum hætti,
- taki þátt í endurnýtingu og vistvænni efnisnotkun.

Unglingastig

Nemandi ...

- vinni textílverkefni án aðstoðar eftir forskrift,
- vandi verklag og frágang,
- rökstyðji val sitt á efni, tækni og notagildi,
- velji vistvæn efni þegar við á.

Námsmat

- Markmið eru skýr og sýnileg frá upphafi.
- Nemendur fá leiðbeinandi endurgjöf eftir þörfum.
- Sjálfsmat er virkjað með einföldum spurningum.
- Sýnikennsla og stuðningur eru hluti af daglegu námi.
- Mat tengist einstaklingsnámskrám og framvindu.

Gátlisti við námsmat

A. Verklag, öryggi og aðferðir

Nemandi...

- ☐ vinnur verkefni með stuðningi / hvatningu / sjálfstætt
- ☐ notar áhöld á öruggan hátt
- ☐ velur efni samkvæmt leiðbeiningum
- ☐ þekkir helstu hugtök sem tengjast textílmennt
- ☐ gengur vel um vinnusvæði

B. Fínhyfingar og vinnufærni

Nemandi...

- ☐ þjálfar fínhyfingar
- ☐ vinnur með litlar einingar (hnappa, perlur)
- ☐ beitir grunntækni í útsaumi
- ☐ þjálfar úthald og nákvæmni
- ☐ getur unnið stuttan tíma án stöðugs stuðnings

C. Sköpun og útfærsla

Nemandi...

- ☐ velur liti, efni og mynstur
- ☐ setur fram einfaldar hugmyndir (með orðum, táknum eða myndum)
- ☐ útfærir hugmynd samkvæmt fyrirmynd / eigin vali
- ☐ gerir einfalt sjálfsmat („Mér tókst vel...“)
- ☐ sýnir frumkvæði eða áhuga í skapandi vinnu

D. Samvinna og samskipti

Nemandi...

- ☐ einbeitir sér að verkefni sínu
- ☐ lærir að bíða eftir aðstoð
- ☐ fylgir vinnureglum
- ☐ sýnir jákvætt viðhorf og þrautseigju
- ☐ tjáir sig um verkið samkvæmt eigin getu

E. Lokaniðurstaða og frágangur

Nemandi...

- ☐ klárar verkefnið samkvæmt sínum markmiðum
- ☐ skilar verkefni með snyrtilegum frágangi miðað við getu
- ☐ tekur þátt í umfjöllun um verkefnið eftir á
- ☐ setur fram hugmynd um næstu skref („Næst vil ég prófa...”)

HÖNNUN OG SMÍÐI

Menntagildi og megintilgangur

Hönnun og smíði sameinar handverk, efnispekkingu, sköpun og hagnýta færni. Nemendur læra að nota verkfæri, velja efni, fylgja skrefbundnu verklagi og búa til áþreifanlega hluti á öruggan og sjálfbæran hátt. Greinin styður fínhyrningar, rýmisskyn, sjálfstæði, útsjónarsemi og lausnamiðun.

Sérstaða Klettaskóla

Smíðanám í Klettaskóla er einstaklingsmiðað og aðlagð þörfum nemenda. Verkefnum er skipt niður í skýr skref og notkun verkfæra er æfð með sýnikennslu og markvissri stuðningsaðstoð. Skólanámskráin setur yfirmarkmið greinarinnar en námið sjálft er útfært í einstaklingsnámskrám og kennsluáætlunum.

Hönnun og smíði – Velferðarlög og öryggi

Í hönnun og smíði er sérstaklega horft til velferðarlaga vegna verklegrar vinnu með áhöld, tæki og efni. Kennslan er skipulögð þannig að aðbúnaður, öryggi og stuðningur séu ávallt í forgangi og að verkefni og verkferlar séu aðlöguð getu og þörfum nemenda.

Með skrefaskiptu verklagi, sýnikennslu og jöfnum stuðningi er stuðlað að sjálfstæði, ábyrgð og jákvæðri upplifun nemenda í samræmi við réttindi þeirra.

Megintilgangur og yfirmarkmið

A. Verklag, aðferðir og tækni

Þjálfun í notkun verkfæra, öryggi, vinnustellingum og skipulagi verka.

B. Sköpun, hönnun og útfærsla

Þróun hugmynda, útfærslur, prófanir og framkvæmd með skapandi nálgun.

C. Menning og umhverfi

Þekking á efnisnotkun, endurnýtingu og sjálfbærum vinnubrögðum.

Sambætting grunnþátta og lykilhæfni

- Sköpun → Skapandi hugsun: Hugmyndir, útfærslur og lausnaleit.
- Sjálfbærni → Ábyrgð: Vistvænt efnisval og meðferð efna.
- Heilbrigði → Sjálfstæði: Öryggi, handbragð og vinnustellingar.
- Læsi → Tjáning: Skissur, teikningar og leiðbeiningar.
- Lýðræði → Samvinna: Hópvinnureglur, tillitsemi og samskipti.

Yngsta stig

Nemandi ...

- notar einföld verkfæri með leiðsögn,
- nelgir fornegldan nagla,
- sagar beinar línur með útsög,
- pússar kanta og límir tvo fleti með aðstoð,
- gengur frá með stuðningi

Miðstig

Nemandi ...

- sagar beinar og bognar línur með útsög,
- borar með handbor eða einfaldri borvél,
- pússar efni og vandar frágang,

- lýsir hugmynd eða vinnuferli,
- tekur þátt í endurnýtingu og sjálfbærri efnisnotkun.

Unglingastig

Nemandi ...

- vinnur eftir forskrift og teikningum,
- notar verkfæri og vélar með viðeigandi öryggisbúnaði,
- borar og skrófar í mismunandi efni,
- rökstyður val sitt á efni og útfærslu,
- klárar verkefni með snyrtilegum frágangi.

Námsmat

- markmið eru skýr og kynnt í upphafi,
- endurgjöf er regluleg, leiðbeinandi og hvetjandi,
- nemendur fá sýnikennslu eftir þörfum,
- sjálfsmat er virkjað með einföldum viðmiðum,
- mat tengist einstaklingsnámskrám og segir til um framfarir.

Gátlisti við námsmat

A. Verklag, öryggi og notkun verkfæra

Nemandi...

- ☐ notar hlífðarbúnað (gleraugu, svuntu)
- ☐ fylgir öryggisreglum verkstæðis
- ☐ notar verkfæri (hamar, sög, pússari, brennipenni) á öruggan hátt
- ☐ fylgir sýnikennslu í skrefum
- ☐ vinnur með stuðningi / hvatningu / sjálfstætt
- ☐ gengur frá áhöldum og vinnusvæði

B. Fínhyrfingar og tækni

Nemandi...

- ☐ neglir fornegldan nagla
- ☐ sagar beinar / bognar línur (eftir stigi)
- ☐ borar með handbor / einfaldri vél
- ☐ límir og notar þvingu
- ☐ pússar brúnir og yfirborð
- ☐ vinnur skref fyrir skref með aukinni nákvæmni

C. Sköpun og hönnunarferli

Nemandi...

- ☐ velur efni með hliðsjón af verkefni eða eigin áhuga
- ☐ lýsir hugmynd (með orðum, táknum eða mynd)
- ☐ útfærir hugmynd í verki
- ☐ velur lausnir þegar verkefni krefst breytinga
- ☐ útskýrir einfalt ferli eftir að verki er lokið

D. Samvinna og vinnuhegðun

Nemandi...

- ☐ lærir að bíða og fylgir verkstæðisreglum
- ☐ vinnur í ró og með athygli
- ☐ sýnir virðingu fyrir sameiginlegu rými
- ☐ biður um aðstoð á viðeigandi hátt
- ☐ sýnir þrautseigju og jákvætt viðhorf

E. Frágangur og niðurstaða

Nemandi...

- ☐ klárar verkefni eða skilgreindan hluta þess
- ☐ skilar verki með snyrtilegum frágangi miðað við getu

- ☐ tekur þátt í mati eftir að verkefni er lokið
- ☐ getur nefnt hvað tókst vel og hvað mætti bæta
- ☐ sýnir framfarir yfir tímabil

MYNDMENNT

Menntagildi og megintilgangur

Myndmennt er listgrein sem flokkast með sjónlistum og gefur nemendum tækifæri til að tjá sig án orða og nota ímyndunaraflið til að skapa sjónrænt verk. Leitast er við að gefa öllum einstaklingum tækifæri til að uppgötva og þroska hæfileika sína. Verklega hliðin er oft auðveldari viðfangs en sú bóklega. Sköpunargleðin og ímyndunaraflið ná oft yfirhöndinni og auka trúna á eigin getu og bæta almenna líðan. Í myndmennt er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun.

Sérstaða Klettaskóla Kennslan leggur áherslu á verklega og hreyfifræðilega þáttinn, sem er almennt auðveldari viðfangs fyrir nemendur. Áhersla er lögð á að efla sjálfstraust, sjálfstæði, fínhyfingur, frumkvæði og hagkvæm vinnubrögð svo nemendur verði sem mest sjálfbjarga við verk. Mikilvægt er að efla athyglisgáfu nemenda svo þeir verði sem best læsir á umhverfi sitt og skynji og skilji boðskap myndmáls.

Myndmennt – Velferðarlög, aðgengi og tjáning

Kennsla í myndmennt í Klettaskóla tekur mið af velferðarlögum og réttindum nemenda varðandi öryggi, aðgengi og virka þátttöku í námi. Verkefni, efni og aðferðir eru aðlöguð þannig að allir nemendur geti tjáð sig á eigin forsendum, óháð færni, tjáningarformi eða stuðningsþörf. Lögð er áhersla á öruggt og styðjandi námsumhverfi þar sem sköpun, sjálfstæði, jákvæð upplifun og vellíðan nemenda eru í forgrunni.

Megintilgangur og yfirmarkmið

A. Verklag, aðferðir og tækni Að þroska fín- og grófhreyfingar, beita áhöldum á öruggan hátt og þróa hagkvæm vinnubrögð og sjálfsbjargar-viðleitni í frágangi efna.

B. Sköpun, hönnun og útfærsla Að efla hugmyndaflug og sköpunar-hæfileika nemenda. Að nota list til að tjá sig, þróa teikningu, málun, mótun, þrykk og klippiaðferð.

C. Menning og umhverfi Að skynja og skilja boðskap þess myndmáls, sem daglega ber fyrir augu. Að læra að upplifa list og skilja menningu sína og umhverfi.

Samþætting grunnþátta og lykilhæfni

- **Sköpun** → Skapandi hugsun: Ímyndunarafl, tilraunir og lausnaleit.
- **Sjálfbærni** → Ábyrgð: Frágangur á efni og vinnusvæði, vistvæn nálgun í efnisvali.
- **Heilbrigði og velferð** → Sjálfstæði: Sjálfstraust, frumkvæði, hagkvæm vinnubrögð og almenn líðan.
- **Læsi** → Tjáning: Skynjun, greining, túlkun og að skilja myndmál.
- **Jafnrétti og lýðræði** → Samvinna: Samvinnuverkefni, tillitssemi og félagsþroski.

Yngsta stig

- Framkvæmir grundvallar hreyfiaðgerðir: að rífa, kreista, klippa og líma.
- Þjálfar málun með grófum áhöldum og fingramálun.
- Þróar fyrsta krot í teikningu yfir í grunn mannsmynd.
- Þekkir og nefnir grunnliti.
- Mótar einföld form með mjúku deigi.

Miðstig

- Styrkir fínhyfingar og getur skipulagt og haldið vinnustöðu skilvirkt.
- Bætir nákvæmni í teikningu og málun (t.d. nota fínna pensla og áhöld).
- Kanna litablöndun og nær fram mismunandi tónum (ljósum/dökkum).
- Skilur sjónrænan mun á stóru/litlu og framan/aftan í mynd.
- Notar samsett vinnubrögð og þrykk með skapalónum til að efla frumkvæði.

Unglingastig

- Framkvæmir verkefni í rútínu eins sjálfbjarga og hægt er og beitir hagkvæmum vinnubrögðum.
- Notar mismunandi tækni við málun og teiknun í einu verkefni og velur efni.
- Vinnur að þrívíddarverkefnum í mörgum skrefum með áherslu á að klára hvert skref.
- Sýnir ábyrga og örugga notkun verkfæra við vinnu og frágang.
- Greinir helstu form í verki og gerir einfalt sjálfsmat.

HEIMILISFRÆÐI

Menntagildi og megintilgangur

Heimilisfræði sameinar hagnýta færni, næringarfræði, sjálfbærni og lífsleikni. Nemendur fá að þjálfa eldhúsöryggi, matargerð, hreinlæti og skipulag.

Sérstaða Klettaskóla

Nám er einstaklingsmiðað, myndrænt, skrefaskipt og byggist á stöðugum stuðningi. Verkefni eru hnitmiðuð og raunhæf.

Heimilisfræði – Velferðarlög, heilbrigði og þátttaka

Kennsla í heimilisfræði í Klettaskóla byggist á velferðarlögum með áherslu á öryggi, hreinlæti, heilbrigði og virkri þátttöku allra nemenda. Verkefni í matargerð og heimilisstörfum eru aðlöguð þannig að nemendur geti tekið þátt af öryggi og með viðeigandi stuðningi. Lögð er áhersla á skýrar leiðbeiningar, sýnikennslu og einstaklingsmiðað verklag sem styrkir lífsleikni, sjálfstæði og ábyrgð í daglegu lífi.

Yfirmarkmið

- A. Öryggi og hagnýt færni
- B. Matreiðsla og útfærsla
- C. Næring, menning og sjálfbærni

Hæfniviðmið eftir stigum

1.–4. bekkur

- undirbýr vinnusvæði
- blandar, hrærir, þvæð hráefni
- þekkir grunnhráefni
- fylgir sýnikennslu
- tekur þátt í frágangi

5.–7. bekkur

- mælir hráefni
- eldar einfaldan rétt
- fylgir öryggisreglum
- sýnir aukið sjálfstæði
- tekur þátt í umræðum um næringu

8.–10. bekkur (rétt útgáfa):

- skipuleggur vinnuferli
- les og fylgir uppskrift
- notar áhöld og tæki af öryggi
- velur viðeigandi aðferðir fyrir mismunandi hráefni
- sýnir sjálfstæði í eldun og frágangi
- tengir mat við heilsu og umhverfi

Námsmat

- endurgjöf í ferli
- skrefaskipt sýnikennsla
- einfalt sjálfsmat
- mat byggt á framförum, virkni og öryggi

Gátlisti – Heimilisfræði

A. Verklag og öryggi

- þvær hendur, undirbýr vinnusvæði
- notar áhöld á öruggan hátt
- fylgir öryggisreglum

B. Matargerð

- blandar, hrærir, mælir
- eldar eða bakar einfaldan rétt

C. Sköpun og bragð

- smakkar og lýsir bragði
- velur lausnir innan uppskriftar

D. Samvinna

- vinnur í ró
- sýnir ábyrgð í sameiginlegu rými

STÆRÐFRÆÐI

Helstu markmið námsins eiga að vera sniðin að námshraða nemenda, einbeitingu og námsstíl. Markmiðin eiga að miða á mismunandi stærðfræðisvið og hvert markmið verður sniðið að þroskastigi nemendanna. Hægt er að aðlaga þessi markmið að einstaklingsbundnum þörfum

Yngsta stig

Undirstöðuhugtök

Á öllum stigum er unnið með undirstöðuhugtök stærðfræðinnar:

- fleiri en, færri en, jafnmargir
- stærri en, minni en, jafnstór
- á undan, á eftir
- fyrsti, annar, ...síðastur

Undirstöðu-vinnubrögð

Að nemandinn geti unnið með hluti eftir tilteknum fyrirmælum við t.d.:

- pörun
- flokkun
- röðun
- samanburð

Form

Að nemandinn:

- þekki algeng grunnform, t.d. hring, ferning og þríhyrning
- flokki eða pari hluti eftir formi
- þekki form í daglegu umhverfi (t.d. glugga, skífuklukku, pizzasneið) og bent á þau

Litir

Að nemandinn:

- þekki helstu liti: rauðan, bláan, grænan og gulan (auk þess: svartan, hvítan, fjólubláan, brúnan, bleikan og appelsínugulan)
- flokki eða pari hluti eftir lit
- þekki liti í daglegu umhverfi (t.d. fatnað, leikföng, mat) og bent á þá

Afstöðuhugtök

Að nemandinn:

- þekki helstu afstöðuhugtök: ofan, undir, fyrir framan, fyrir aftan, við hliðina á, á milli

Talning/tölur

0-5

Að nemandinn:

- geti talið upphátt upp í 3 (5)
- geti talið hluti með því að taka einn hlut í einu og sagt fjölda þeirra upphátt
- geti áætlað fjölda hluta (ekki fleiri hlutir á borðinu)
- geti talið umbeðinn fjölda hluta (úr stærra safni hluta)
- þekki tölutáknin 0-5
- spori tölutáknin 0-5
- skrifi tölutáknin 0-5
- geti parað saman fjölda við tölustaf (talnagildi) 0-5
- þekki mismunandi útlit sömu tölu (einkum 4)

6-10

- telji upphátt upp í 10
- þekki tölutáknin 6-10
- geti talið 6-10 hluti
- spori tölutáknin 6-10
- skrifi tölutáknin 6-10
- þekki talnagildi 6-10

Talnalína

Að nemandinn:

- raði tölum í rétta röð 0-5 eða 10, óháð upphafstölu talnalínunnar
- geti fyllt inn í eyður á talnalínu 0-10 (0-20)

Samlagning

Að nemandinn:

- geti sameinað tvö söfn hluta og sagt til um heildarfjölda

- skilji hugtökin bæta við, leggja saman og samtals
- þekki orðin *samlagning* og *plús*
- þekki merkin + og =
- geti reiknað samlagningardæmi 0-5 (0-10) með hjálpargögnum

Frádráttur

Að nemandinn:

- geti tekið ákveðinn fjölda úr safni hluta og sagt rétt til um afganginn
- skilji hugtökin taka af, draga frá og afgangs
- þekki orðin *frádráttur* og *mínus* (mínusdæmi)
- þekki merkið –
- reikni frádráttardæmi 0-5

Peningar

Að nemandinn:

- geti flokkað seðla og myntir eftir útliti
- geti bent á umbeðna mynt
- geti bent á umbeðinn seðil

Klukka

Að nemandinn:

- þekki heila tímann á skífuklukku
- þekki heila og hálfa tímann á skífuklukku

Miðstig

Talning/tölur

11-20-100

Að nemandinn:

- telji upphátt upp í 20, 50, 100
- þekki/lesi tölutáknin upp í 20, 50, 100
- spori/skrifi tölutáknin upp í 20, 50, 100
- telji smáhluti upp í 30
- telji 10, 20, 30, o.s.frv.
- telji aftur á bak frá 10.
- Lesi/telji 2, 4, 6, o.s.frv.
- Lesi/telji 5, 10, 15, o.s.frv.

Tugakerfi/talnalestur

Tugir

Að nemandinn:

- geti lesið tveggja stafa tölur
- geti sett hjálpargögn (kubba, kennslupeninga) og tölur í talnahús með einingu og tug
- skilji hugtökin tugur og eining

Talnalína

Að nemandinn:

- geti fyllt inn í eyður á talnalínu 0-10 (0-20)
- geti skrifað eða raðað tölum í rétta röð 0-30 (0-50)
- geti raðað nokkrum tölum völdum af handahófi í rétta stærðarröð

Samlagning

Að nemandinn:

- geti myndað mismunandi plúsheiti sömu tölu
- geti reiknað samlagningardæmi 0-5 (0-10) í huganum

- skilji og nýtir sér víxlregluna
- geti sett upp dæmi með tveggja stafa tölum
- geti sett upp dæmi með eins og tveggja stafa tölum, og raðað í rétt sæti

Frádráttur

Að nemandinn:

- reikni frádráttardæmi 6-10
- geti sett upp frádráttardæmi

Form

Að þekkja form/ þrívíð form

Að nemandinn:

- Þekki tvívíðar formhugtökin:

Hringur

Þríhyrningur

Ferningur

Rétthyrningur

Tígull

Trapisa

Fimmhyrningur

Sexhyrningur

- Þekki þrívíðar form:

Kúla

Teningur

Píramídi

Peningar

Að þekkja mynt/seðla

Að nemandinn:

- geti flokkað seðla og myntir eftir útliti
- geti bent á umbeðna mynt
- geti bent á umbeðinn seðil
- þekki heiti seðla og mynta
- viti hvaða myntir hafa minnst/mest verðgildi
- viti hvaða seðlar hafa minnst/mest verðgildi *Myntir*

Að nemandinn:

- telji krónur upp í 10
- telji fimm krónur og nokkrar krónur í viðbót
- telji 10, 11, 12 o.s.frv.
- geti skipt 5 kr, 10 kr og 20 kr í krónur
- telji 10, 20, 30 o.s.frv. (Sjá einnig: tugakerfi/talnalestur)
- telji 100, 200, 300 o.s.frv.
- geti skipt 50 kr og 100 kr í tíu kr peninga
- telji 50, 51, 52 o.s.frv.
- telji 5, 10, 15 o.s.frv.
- geti skipt 10 kr, 20 kr o.s.frv. í fimm kr peninga
- telji 50 kr, 100 kr, 150 kr o.s.frv.

Seðlar

Að nemandinn:

- telji 1000, 2000, 3000 o.s.frv.
- telji fimmm hundruð kr seðla (500, 1000, 1500 o.s.frv.)
- telji fimmpúsund kr seðla (5000, 10.000, 15.000 o.s.frv.)

Að borga

Að nemandinn:

- telji saman myntir að 100
- telji saman myntir og seðla að 1000

- geti keypt fyrir ákveðna upphæð og borgað nákvæmt
- geti tekið ákveðna upphæð og sett hana fram á mismunandi hátt
- gefi til baka af 10, 50, 100

(Sjá einnig: Verslun og þjónusta)

Verðskyn

Að nemandinn:

- geti bent á dýrasta/óðýrasta hlutinn af nokkrum verðmerktum smáhlutum (upphæðir innan við 100)
- segi nokkurn veginn rétt til um verð á t.d. algengu sælgæti, bíómiðum eða öðru sem hann hefur reynt af
- geti flokkað myndir eða hluti nokkurn veginn rétt miðað við ákveðna seðla/myntir (karamella 5 kr, geisladiskur 1000 kr o.s.frv.)
- geti fundið verð á ákveðinni vöru í verðlista eða verslun

(Sjá einnig: Verslun og þjónusta og Heimilisstörf)

Margföldun

Að nemandinn:

- skilji að margföldun er endurtekin samlagning
- kunni og skilji margföldunartöfluna 0-5
- geti margfaldað eina tölu með einni tölu (0-5)

Mælingar

Að nemandinn:

- mæli í sentimetrum með reglustiku
- noti málband eða tommustokk
- noti lítramál og lesi af kvarðanum

- noti vigt og les af kvarðanum

- **Klukka**

Að nemandinn:

- þekki heila tímann á skífuklukku
- þekki heila og hálfa tímann á skífuklukku
- þekki korter yfir og korter fyrir á skífuklukku
- lesi tíma af tölvuúri

Vasareiknir

Að nemandinn:

- kunni að kveikja og slökkva á vasareikni
- þekki tákinn fyrir reikniaðgerðirnar og geti fundið viðeigandi takka
- þekki = merkið og geti fundið þann takka
- kunni að þurrka út (clear)
- geti slegið inn tiltekna tölur
- geti lagt saman, dregið frá eða margfaldað

Unglingastig

Nemendur:

- leggur saman tveggja stafa tölur *án yfirfærslu*,
- notar reiknivél þegar dæmi eru erfiðari,
- skilur að samlagning merkir að „bæta við“.

Hagnýtt markmið: einföld innkaup, telja daga, magn og skammta.

Frádráttur

Nemandi:

- Vinni frádráttardæmi með tölunum 0 til 20 með eða án hjálpargagna

- dregur frá tölur upp í 20 með hjálp hluta,
- dregur frá tveggja stafa tölur *án lánstökunnar*,
- notar reiknivél í erfiðari dæmum,
- skilur að frádráttur merkir að „taka burt“.

Hagnýtt markmið: að athuga afgang, skilja tímamun, skipuleggja skammta.

Margföldun – hagnýtt lágmark

Nemandi:

- Skilur að margföldun sé endurtekin samlagning,
- þekkir margföldunartöfluna 0–5 (valfrjálst: 0–10),
- leysir einföld dæmi með einnar stafar tölum,
- notar reiknivél í öðrum tilfellum.

Hagnýtt markmið: fjöldi eininga í pakkingum, skammtar o.fl.

Deiling – hugtakaskilningur

Nemandi:

- skilur að deiling sé að „skipta í jafna hluta“,
- skiptir hlutum, t.d. 6 sælgæti á 2 einstaklinga,
- þekkir tengsl margföldunar og deilingar,
- notar reiknivél fyrir skrifleg dæmi.

Hagnýtt markmið: skipta mat, tíma eða efni.

Peningar

Þekking á mynt og seðlum

Nemandi:

- þekkir íslenskar myntir og seðla,
- veit hvaða mynt er (mest/minnst verðmæt)

- Kynnist því að telja mynt upp í 100 / 1000 kr.,
- Kynnist því að telja seðla (500 kr., 1000 kr., 2000 kr.)

Skiptimynt (í hagnýtum aðstæðum)

Nemandi getur:

- skipt 10 kr. → 2×5 kr.,
- skipt 50 kr. → mynt í 10 kr.,
- skipt 100 kr. → 10×10 kr.,
- -- þjálfist í að skipta 500 kr. → 5×100 kr.,
- nýtt skiptimynt við greiðslu.

Greiðslur

Nemandi:

- Leggur saman verð upp í 100 / 1000 kr.,
- greiðir nákvæma upphæð,
- greiðir hærri upphæð og tekur á móti afgangi (með aðstoð),
- getur sýnt sömu upphæð með mismunandi samsetningu.

Skynjun verðs

Nemandi:

- velur ódýrasta / dýrasta vöruna af 2–4 myndum,
- finnur verð í einföldum verðlista.

Hagnýtt markmið: sjálfstæð innkaup.

Mælingar (hagnýtar)

Að nemandi kynnist og vinni með:

- hugtökin stutt og langt
- mælir lengd með reglustiku (cm),

- þekkir hugtök: stutt–langt, þungt–létt, mikið–lítið,
- vegur hluti á eldhúsvog,
- mælir vökva í mælikönnu (t.d. hálfur og heill lítri),
- notar mælieiningar í daglegum verkefnum (eldamennska, skipulag heimilis).

Hagnýtt markmið: eldamennska, hreinlæti, rýmisskipulag.

Tími og tímastjórnun

Að lesa klukku

Nemandi:

- kynnist stafrænni klukku
- kynnist skífuklukku

Skipulagning dags

Nemandi:

- Taki þátt í að skipuleggja dag með myndrænum hætti
- Taki þátt í að skipuleggja athafnir eftir klukku
- Kynnist hugtökunum: „áður“, „eftir“, „núna“.

Tímalengd

Nemandi:

- metur hversu langur tími líður (5 mín., 10 mín.),
- þekkir lengd einfaldra athafna (t.d. tannburstun – 3 mín.).

Stærðfræði í heilbrigði og hreinlæti

Nemandi:

- Telur t.d. drukkin vatnsglös (t.d. 4 á dag),
- telur skammtaðan mat (hálfur / heill / nokkrir),

- skiptir mat í jafna hluta,
- skipuleggur hvíldartíma.

Reiknivél – grunnnotkun

Nemandi:

- kveikir og slekkur á reiknivél,
- þekkir táknið $+$, $-$, $\times$, $\div$, $=$,
- slær inn tölur,
- leysir einföld dæmi,
- sannreynir niðurstöður (t.d. samlagning $\rightarrow$ frádráttur).

Leiðir við framkvæmd námskrár

Einstaklingsmiðað nám – efni og umfang lagað að nemanda.

Raunhæfni – forðast óþarfa abstrakt efni sem ekki nýtist í daglegu lífi.

Áþreifanlegt efni – peningar, kubbar, klukkur, raunveruleg viðfangsefni.

Endurtekning og rútína – regluleg notkun í daglegum aðstæðum.

Hagnýtt mat – metið er hvort nemandi geti notað færni í lífinu.

TÓNMENT

Tónlist er ein þeirra námsgreina, sem fellur undir list- og verkgreinar, en það sem sameinar þessar greinar er áhersla á „verkkunnáttu, sköpunarkraft, margs konar tjáningarleiðir og samhæfingu huga, hjarta og handar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2025). Tónlist eða tónmennt er svo flokkuð sem ein listgreina, en hinar eru svokallaðar sviðslistir, dans og leiklist og sjónlistir. „Í tónlistariðkun felst bæði hlustun og að njóta, sköpun og flutningur“ (AG, 2025). Í gegnum tónlist tjá nemendur tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar og andlegrar færni og hefur bæði persónulegt sem félagslegt gildi. „Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumpáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun,

túlkun og formi“ (AG, 2025) svo nemendur geti notið tónlistar, skilið menningarlegt gildi hennar og myndað sér skoðanir á ólíkum stíl og stefnum.

Útfærsla skólans:

Í tónmenntarkennslu Klettaskóla er lögð á það rík áhersla að nemendur vinni með námsefni og kennslugögn við hæfi þannig að þau séu miðuð við þroska þeirra aldur og getu. Þannig er t.d. minni áhersla lögð á nótna- og textaritun en í öðrum grunnskólum. Unnið er með söngtexta með sjónrænum vísbendingum og fyrirmælum. Innlögn er ítarlegri og stöðug upprifjun á undirstöðuatriðum er mikilvæg. Mikið er unnið með hreyfingu sem tjáningarform og túlkun tónlistar. Þannig er tónmennt í Klettaskóla að vissu leyti samflett dansi, en í Aðalnámskrá (AG, 2025) segir að “með sköpun og líkamlegri tjáningu í dansi fá nemendur tækifæri til að hlúa að og örva hreyfi- og rýmisgreind og efla félagsþroska”. Námsmat fer fram í formi símats í kennslustundum með áherslu á persónulega framför nemenda.

Markmið með tónmenntarkennslu í Klettaskóla er:

- að vekja og efla áhuga á tónlist með því að veita nemendum tækifæri til að iðka hana, njóta hennar og taka þátt í skapandi starfi
- að þroska og efla tónskyn, sköpunargáfu og aðra tónlistarhæfileika nemenda og auka næmni þeirra fyrir tónlist
- að veita nemendum fræðslu um tónlist og auka þekkingu þeirra á ýmsum fyrirbærum tónlistar

Námsmarkmiðin eru byggð á hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla en að mörgu leyti einfölduð í samræmi við sérstöðu nemenda í Klettaskóla. Markmiðum er skipt upp í grunn-, mið- og efsta stig og í einum námshóp (bekk) geta verið nemendur á mismunandi stigum. Það er mjög mikilvægt í tónmenntarkennslunni að nemendur læri sem best þær reglur sem gilda í tónmenntartímunum og eiga þær reglur við á öllum aldurstigum. Þessar reglur fela m.a. í sér að nemandi læri að sitja kyrr, að láta aðra í friði, að bíða í röð og bíða eftir að röðin komi að sér. Einnig að nemandi læri að fara eftir viðfangsefnum og læri að heilsa og kveðja.

Yngsta stig

Almennt markmið

Að nemandinn:

- átti sig á hvar tónmenntarstofa er
- þreifi og skoði hluti í tónmenntarstofu
- þekki hluti í tónmenntarstofu
- geti brugðist óhræddur við ýmsum hljóðum
- geti leitað að hljóði
- njóti tónlistar

Söngur

Að nemandinn:

- kynnist íslenskum barnalögum og árstíðarbundnum sömgögum
- geti tekið þátt í samsöng eða söngsamveru
- svara/bregðist við nafni í nafnalagi
- geti gert tákni við lag
- geti sungið og spilað áslátt um leið
- geti sungið og túlkað hreyfingu um leið

Hljóðfæri og taktur

Að nemandinn

- geti haldið á hljóðfæri
- geti spilað á einföld skólahljóðfæri
- geti klappað kroppaklapp í púlstakti
- geti spilað á einföld hljóðfæri í púlstakti

Hreyfing og túlkun

Að nemandinn:

- geti hreyft sig frjálst við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama
- læri ákveðinn hreyfidans/hreyfingar við sönglög og tónlist
- geti hermt eftir hreyfingum sem túlka ákveðið atriði í hreyfisöng

Hlustun og sjónræn tengsl

Að nemandinn

- hlusti á einföld barnalög og árstíðabundin lög
- hlusti á tónverk sem segja sögu
- horfi á sjónrænt efni tengd hlustun
- tengi sjónræn atriði við atriði í tónlist og texta

Miðstig

Söngur

Að nemandinn:

- Kynnist söng í hljóðnema
- Kynnist blæbrigðum söngs svo sem eins og sterkt/veikt, hratt/hægt
- Kynnist flóknari sönglögum
- Kynnist *call and response* mynstri í söng

Hljóðfæri og taktur

Að nemandinn:

- Geti haldið á og slegið með slegli á tréspil og klukkuspil
- Geti spilað á tónrör eftir litum
- Geti klappað kroppaklapp í púlstakti og einföldu hrynstefi
- Geti spilað einfalt stef á laglínuhljóðfæri
- Geti spilað einfalt hrynstef á hrynhljóðfæri
- Geti leikið einfaldan spuna á skólahljóðfæri
- Kynnist blæbrigðum hljóðfæraleiks svo sem eins og sterkt/veikt, hratt/hægt

Hreyfing og túlkun

Að nemandinn:

- beitt líkama sínum markvisst í hreyfingu í takt við tónlist
- geti aðlagð hreyfingar að ýmsum þáttum tónlistar svo sem hraða, styrk og tónblæ
- geti tekið tillit til annarra í hreyfingum sínum og aðlagð þær
- geti hermt eftir hreyfingum á staðnum
- geti túlkað ákveðið átriði úr söngtextanum með hreyfingum
- geti samið hreyfingar við sönglög og tónlist

Hlustun og sjónræn tengsl

Að nemandinn:

- geti hermt eftir sjónrænum fyrirmælum í tengsl við tónlist, t.d. í myndböndum
- hlusti á tónlist frá öðrum menningarheimum
- Geti þekkt algeng hljóðfæri út frá útliti og/eða hljómi, bæði í skólastofu og á upptöku/mynd
- kynnist mismunandi tónlistartölvuforritum
- Geti valið mynd sem tengist tónlistinni

Unglingastig

Söngur

Að nemandinn:

- Geti samið einfaldan texta
- Geti flutt eigin texta
- Geti sungið með undirleik

Hljóðfæri og taktur

Að nemandinn:

- Geti spilað á hljóðfæri í samspili
- Geti spilað mismunandi raddir á hljóðfæri í samspili (hljómur, taktur, laglína)

Hreyfing og túlkun

Að nemandinn:

- Geti túlkað tilfinningar sem tengist tónlist með svipriði og hreyfingum
- Geti samið dans undir leiðsögn og geti kennt samnemendum dansinn sinn
- Geti flutt frumsaminn eða æfðan dans eða hreyfilag fyrir framan áhorfendur
- Geti túlkað tónlist með sjónrænum hætti, t.d. teiknað mynd.

Hlustun og sjónræn tengsl

Að nemandinn:

- geti greint laglínu og takt
- Hlusti á mismunandi tónlistarstefnur og geti að einhverju leiti þekkt muninn á þeim
- Kynnist hljóðfærum sem tengjast ákveðnum tónlistarstefnum og menningarheimum
- Læri að setja saman eða semja hljóðverk með tónlistartölvuforriti
- læri að þekkja vefslóðir sem tengjast tónlist

VALGREINAR 2026-2027

Valgreinar á unglingastigi fara eftir því hvað kennarar óska eftir því að bjóða upp á hverju sinni. Veturinn 2026 – 2027 eru eftirfarandi valgreinar í boði:

- Skrekkur
- Kór
- Hljómsveit
- Óskalagið
- Tónlistarval
- Skartgripagerð
- Dans
- Líkamsrækt
- Skólahreysti
- Útivist
- Upplýsingatækni
- 3D prentun
- Að verða unglingur
- Tobii-fjör
- Slökun/jóga
- Spænska
- Myndmennt
- Spilaklúbbur
- Verk- og starfsþjálfun
- Garðrækt